

ÁRSSKÝRSLA 2000



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN
2002

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Ársskýrsla 2000.
Ritstjórn: Einar Sigurðsson (ábm.) og Örn Hrafnkelsson.

STJÓRNSÝSLA.....	9
Stjórn.....	9
Safnráð	9
Almennir starfsmannafundir	9
Fyrsti vinnudagur ársins.....	9
Árangursstjórnunarsamningur.....	9
Málþing um Landsbókasafn.....	10
Varðveislustjórn.....	10
Varaeintakasafn.....	10
Vakt í kjallara.....	10
Bókasafn í Þjóðmenningarhúsi	11
Hús Jóns Steffensen að Aragötu 3	11
Erlend fornfræðirit	11
Rannsókn á íslenskum tónlistararfi.....	11
Mat á störfum.....	11
Starfsmannasamtöl.....	12
Heilsuverndarmál.....	12
Viðverukerfi.....	12
Handbók starfsmanna.....	12
Nefnd um viðurkenningu til ríkisstofnana	12
Viðbygging við Þjóðarbókhöfðu.....	13
Styrkir til erlendra aðila	13
Viðburðaríkt aldamótaár	13
Nemar í bókasafns- og upplýsingafræði	13
FJÁRMÁL	14
Þróun fjármála og fjárveitinga	14
SJÓÐIR OG STYRKIR	15
Nýsköpunarsjóður námsmanna.....	15
Rannsóknarleyfi	15
Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands	15
Styrkur frá NORDINFO til starfaskipta.....	15
Atvinnuleysistryggingasjóður	15
Aðrir styrkir	15
FJÖLÞJÓÐLEG ÞÁTTTAKA	16

AÐFANGAÐEILD	19
Hlutverk	19
Skylduskil	19
Ritakaup	20
Tímaritahald	20
Keyptur aðgangur að gagnasöfnum um Netið	21
Gjafir	22
Ritaskipti og rit alþjóðastofnana	22
Samskrá um erlend tímarit	22
NOSP	23
Alþjóðlegt bóknúmer (ISBN)	23
Alþjóðlegt tímaritanúmer (ISSN)	23
Þátttaka í rýnihópum vegna kerfisvals	23
Starfaskipti, rannsóknarleyfi	23
HANDRITAÐEILD	24
Hlutverk	24
Starfsmenn deildar	24
Afgreiðsla handrita	24
Aðföng	24
Kassi Erlends í Unuhúsi opnaður	28
SKRÁNINGARÐEILD	28
Hlutverk	28
Almennt yfirlit	28
Efnisgreining, efnisorðaskrár, flokkunarkerfi	28
Skráning og viðhald nafnmyndaskrár	29
Samvinna við aðildarsöfn Gegnis	30
UPPLÝSINGAÐEILD	31
Hlutverk	31
Upplýsingaþjónusta	31
Handbókarými	31
Aðgangur að rafrænum gögnum	31
Tölvuleitir	32
Vefur safnsins	32
Notendafræðsla	32

Bæklingar	32
Starfsmenn	33
Ýmsar kynningar og námskeið	33
Önnur verkefni	34
Tón- og mynddeild.....	34
ÚTLÁNADEILD	34
Hlutverk	34
Afgreiðslutími	34
Notendapjónusta og afgreiðsla.....	34
Bæklingar	35
Útlán.....	35
Ritakostur	37
Lesrými	37
Námsbókasafn	38
Millisafnalán	39
Útibú utan Þjóðarbókhöðu	40
ÞJÓÐDEILD	42
Hlutverk og skyldur	42
Afgreiðsla rita og upplýsingapjónusta	42
Kjallaravakt.....	42
Starfsmenn deildar	43
Tímarit og blöð á Netinu.....	43
Bæklingar	43
Sýningar	43
Sérstöfn	43
Bókminjasafn	43
Varaeintakasafn.....	44
Myndun og forvarsla.....	44
Óskráð efni.....	44
KVENNASÖGUSAFN ÍSLANDS 2000	44
STOÐDEILDIR.....	45
Bókbandsstofa.....	45
Myndastofa	45
Viðgerðarstofa.....	45

Fjölföldun og fjölföldunarstofa.....	46
Tölvuþjónusta	46
Kerfisþjónusta	46
Rafræn gögn.....	47
ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI.....	48
Sagnanetið.....	48
VESTNORD (Tímarit og blöð á Netinu).....	48
Vistun og varðveisla stafræns efnis	48
REKSTUR HÚSS OG LÓÐAR	49
Hlutverk	49
Framkvæmdir.....	49
Viðhald.....	50
Þrif.....	50
Ýmislegt.....	50
Bílastæði	50
Símsvörun	51
FUNDIR, RÁÐSTEFNUR, NÁMSKEIÐ OG KYNNISFERÐIR.....	51
FÉLAGS- OG NEFNDASTÖRF	64
RITVERK OG ERINDI	67
ÚTGÁFURIT SAFNSINS	74
GJAFIR.....	75
SÝNINGAR OG SAMKOMUR	76
Janúar	76
Febrúar	76
Mars	76
Apríl	77
Maí	77
Júní.....	77
Ágúst.....	78
September	78
Október	79
Nóvember.....	79
Desember	79

GESTAKOMUR	79
YFIRLIT YFIR STARFSMENN 31. DESEMBER 2000	80
STARFSMANNAFÉLAGIÐ.....	82
TÖFLUR.....	83
Tafla 1: Aðföng 2000.....	83
Tafla 2: Skráningardeild 1995–2000	84
Tafla 3: Fjöldi lánþega 1994–2000	85
Tafla 4: Fjöldi útlána 1994–2000.....	85
Tafla 5: Millisafnalán 1995–2000.....	85
Tafla 6: Útgáfa bóka og hljóðrita 1994–2000	86
Tafla 7: Þjóðdeild 1995–2000.....	86
Tafla 8: Handritadeild 1994–2000	86
Tafla 9: Upplýsingaþjónusta 1995–2000	87
Tafla 10: Þjónusta í tón- og mynddeild 1997–2000.....	87
Tafla 11: Myndastofa 2000	88
Tafla 12: Bókbandsverk 1999–2000	88
Tafla 13: Yfirlit yfir stöðugildi áranna 1995–2000.....	88
Tafla 14: Rekstrargjöld 1994–2000 (í þús. króna).....	89

STJÓRNSÝSLA

Stjórn

Skipunartímabil núverandi stjórnar er 1. september 1998 – 1. september 2002. Stjórnarmenn voru hinir sömu og fyrra ár: Jóhannes Nordal formaður, Vésteinn Ólason varaformaður, Kristín Indriðadóttir, Margrét S. Björnsdóttir og Vilhjálmur Lúðvíksson. Fulltrúi starfsmanna: Sjöfn Kristjánsdóttir. Stjórnin hélt tíu fundi á árinu.

Safnráð

Safnráð var eins skipað og fyrra ár: Einar Sigurðsson landsbókavörður, Þorsteinn Hallgrímsson aðstoðarlandsbókavörður, Edda G. Björgvinsdóttir fjármálastjóri, Herdís Þorgrímsdóttir starfsmannastjóri, Áslaug Agnarsdóttir forstöðumaður útlána-deildar, Guðrún Karlsdóttir forstöðumaður skráningardeildar, Halldóra Þorsteinsdóttir forstöðumaður upplýsingadeildar, Kristín Bragadóttir forstöðumaður þjóðdeildar, Þorleifur Jónsson forstöðumaður aðfangadeildar og Ögmundur Helgason forstöðumaður handritadeildar. Safnráðið hélt tuttugu og níu fundi á árinu.

Almennir starfsmannafundir

Stjórnendur safnsins halda almenna starfsmannafundi að lágmarki einu sinni á missiri, en oftar ef þörf krefur. Á þessu ári voru fundirnir óvenjulega margir, m.a. vegna launamála, en einnig til að kynna ýmis nýmæli, svo sem starfsmannasamtöl, viðverukerfi, samning við fyrirtækið Heilsuvernd o.fl.

Fyrsti vinnudagur ársins

Eins og undanfarin ár var safnið haft lokað fyrsta vinnudag ársins, sem að þessu sinni bar upp á mánudaginn 3. janúar.

Starfsmenn sinntu ýmsum innri störfum. Kerfin í húsinu voru prófuð að vanda, og að þessu sinni var starfsfólki skipt í hópa og farið með það um allt húsið til að kynna því öryggismál. Öryggisnefnd hússins sá um framkvæmdina.

Deginum lauk með samkomu í veitingastofunni fyrir starfsmenn og stjórn. Landsbókavörður sleppti því að þessu sinni að fara yfir starfsemi liðins árs og framtíðarhorfur því að skammt var um liðið síðan það var gert á fimm ára afmæli safnsins. Hins vegar var Sigurður Rúnar Jónsson tónlistarmaður (Diddi fiðla) fenginn á staðinn í tilefni af því að safninu var gefið langspil á liðnu ári. Sagði hann frá sögu langspilsins á Íslandi og leyfði fólki að heyra hvernig slíkt hljóðfæri hljómar. Umræddu langspili safnsins hefur verið komið fyrir í tón- og mynddeild – hangir þar á vegg til sýnis.

Árangursstjórnunarsamningur

Eins og fram kemur í fyrri ársskýrslu var í desember 1999 undirritaður árangursstjórnunarsamningur milli safnsins og menntamálaráðuneytis, með gildistíma árin 2000–2002. Samningurinn felur ekki í sér neinar fjárhagslegar skuldbindingar af hálfu ríkisins. Hins vegar eru þar sett gagnleg markmið og tilgreindir mælikvarðar um hversu þeim skuli ráð. Mest mark er að því að meta stöðuna við lok samningstímabilsins.

Áskilið er í samningnum að safnið skili menntamálaráðuneyti stuttri ársskýrslu ár hvert þar sem fram komi hvernig tekist hafi að uppfylla þau fyrirheit í rekstri sem samningurinn greinir. Slíkri skýrslu fyrir árið 2000 var skilað til ráðuneytisins 13. febrúar 2001, en síðan áttu forráðamenn safnsins fund með starfsmönnum ráðuneytis

um málið tíu dögum seinna. Útkoman á árinu var jákvæð um flest þau atriði sem gert var ráð fyrir að lagt yrði mat á þegar á upphafsári samningsins.

Málþing um Landsbókasafn

Landsbókasafn og málþingshópur starfsmanna boðuðu til málþings föstudaginn 23. júní 2000 um málefni Landsbókasafns. Var bókasafnið af þessu tilefni lokað þennan dag.

Dagskráin var tvískipt. Fyrir hádegi var opið málþing í hátíðasal Háskóla Íslands þar sem fjallað var um stöðu bókasafnsins í háskólasamfélaginu og hvaða kröfur háskólakennarar, fræðimenn innan og utan háskólans og stúdentar gera til safnsins. Síðari hluti málþingsins fór fram í Þjóðarbókhöllu og var alfarið helgaður starfsmönnum bókasafnsins. Þar var fjallað um virkni safnsins, stjórnkerfi, upplýsingamiðlun innan húss, vinnuferli, rannsóknarvirkni starfsmanna, starfsánægju, hollustuhætti og fleira. Að lokum bauð safnið upp á veitingar.

Hið helsta sem fram kom á málþinginu var dregið saman í fundargerð, og greinar um það birtust í Fréttabréfi Háskóla Íslands og Húsgangi.

Varðveislustjórn

Frá og með 1. maí 2000 breyttist umfang starfs Rannvers H. Hannessonar forvarðar þannig að frá og með þeim tíma hefur hann umsjón með öllu því sem lýtur að varðveislu efniskosts safnsins. Rannver sinnir þó áfram forvörslunni eftir því sem tími hans leyfir. Nýtt starfsheiti Rannvers er varðveislustjóri, og sem slíkur hefur hann tilsjón með starfsemi viðgerðarstofu, bókbandsstofu og þeim þáttum í starfi myndastofu sem lúta að varðveislumálum.

Varaeintakasafn

Snemma á árinu var lokið framkvæmdum við þá álmu skólahússins í Reykholti sem Landsbókasafn fær til afnota fyrir varaeintök sín. Hillur verða keyptar í húsnæðið í áföngum, og sér menntamálaráðuneyti um þann þátt málsins, ásamt Framkvæmdasýslu ríkisins, og í samráði við bókasafnið. Seint á árinu var auglýst eftir starfsfólki sem nemur tveimur stöðugildum til frágangs á efniskostinum, en sú vinna fer fram í Reykholti. Ráðið verður í stöðurnar snemma á árinu 2001.

Vakt í kjallara

Í öndverðu var ráðgert að starfsmaður væri á vakt í kjallara og hefði það hlutverk að afgreiða rit þaðan í bókalyftu eftir því sem um þau væri beðið frá hinum ýmsu afgreiðslustöðvum í safninu. Af þessu hafði ekki orðið fyrstu árin, heldur voru rit sótt í kjallarann eftir þörfum.

Eftir nokkurn undirbúning á árinu var þessu breytt í það horf sem upprunalega var áætlað og kjallaravakt komið á 16. október. Skiptast starfsmenn í útlánadeild og þjóðdeild á um að sinna henni. Auk þess að taka fram umbeðin rit sinnir viðkomandi starfsmaður ýmsum öðrum störfum í kjallaranum. Hann hefur þar fasta starfsstöð, en auk þess voru gerðar ráðstafanir til þess að í hann næðist hvar sem hann væri staddur í kjallararýminu. Í því skyni var lagt fyrir sex sínum til viðbótar við þá fimm sem fyrir voru í kjallaranum, en ekki reyndist unnt að nota þar farsíma vegna sambandsleysis.

Áður en þessari tilhögun var komið á hafði farið fram allsherjar tiltekt í kjallaranum, en þar hafði safnast upp mikið af efni á óskipulegan hátt. Unnið var úr sumu af efni en annað flutt í bráðabirgðageymsluna sem safnið hefur að Laugarnesvegi 91. Þá var einnig gerð úttekt á því hvar koma mætti fyrir viðbótarhillum og -skápum í kjallaranum, og verður þeirra aflað á næsta ári.

Bókasafn í Þjóðmenningarhúsi

Atbeina safnsins var leitað til að koma upp góðu úrvali bóka í lestrarsal Safnahússins, sem nú hefur fengið heitið Þjóðmenningarhús. Til að koma því í kring keypti safnið drjúgan hluta af safni Þorsteins Jósefssonar og fékk auk þess að gjöf gott úrval úr bókasafni Torfa Hjartarsonar. Var fyrsta áfanga vinnunnar við að koma bókunum fyrir lokið fyrir opnun hússins í apríl, og var síðan unnið að verkinu með hléum út árið. Þjóðmenningarhúsið veitir safninu nokkurn fjárstyrk á þessu ári og tveimur næstu til þessarar framkvæmdar. Hér er um að ræða eins konar útibú frá Landsbókasafni, í raun hluta af bókminjasafni þess, sem þar með verður sýnilegra en áður hefur verið og styrkir ímynd safnsins sem þjóðbókasafns og vörslustaðar hins bóklega menningararfs. Starfsmenn Landsbókasafns heimsóttu Þjóðmenningarhúsið 2. og 3. maí, í tveimur hópum, skoðuðu þar sýningar undir leiðsögn forstöðumanns hússins og þáðu veitingar.

Hús Jóns Steffensen að Aragötu 3

Jón Steffensen prófessor ánaðnaði Háskólabókasafni árið 1982 bókasafn sitt og húseign að Aragötu 3. Tekið var við bókasafninu eftir lát Jóns 1991, og eftir að húsið hafði verið rýmt var það leigt háskólanum nokkur ár, eða þar til það var selt í júlí 2000. Söluverðið var um 23 millj. kr. Samkvæmt erfðaskrá á andvirði hússins einkum að ganga til viðhalds og eflingar sérsafns Jóns. Fyrir liggur að skrá safnið og gera því til góða á annan hátt, og var undirbúningur þess hafinn á árinu.

Erlend fornfræðirit

Safnið hlaut á árinu styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að fara yfir erlend fornfræðirit í safninu, frá endurreisn og fram á miðja 19. öld. Kannað var m.a. hvað til væri af viðurkenndum, sjaldgæfum og verðmætum útgáfum. Ritin voru skráð og lagt mat á ástand þeirra m.t.t. varðveislu.

Byrjað var á safni Einar Benediktssonar og farið yfir um 800 bindi, en síðan um 100 önnur rit.

Styrkurinn nam fjórum mánuðum, en safnið bætti tveimur við. Námsmennirnir sem réðust til verksins voru Geir Þ. Þórarinnsson og María Ásmundsdóttir, en Örn Hrafnkelsson, starfsmaður þjóðdeildar, hafði umsjón með verkefninu.

Rannsókn á íslenskum tónlistararfi

Upphaf verkefnisins má rekja allt aftur til ársins 1995, og það hefur frá byrjun verið á vegum Collegium Musicum, samtaka um tónlistarstarf í Skálholti, en notið stuðnings og samvinnu við Landsbókasafn, einkum að því leyti að starfsmaður handritadeildar, Kári Bjarnason, hefur stýrt verkefninu frá upphafi meðfram öðrum störfum í handrita-deildinni. Frá 1. október 2000 hefur hann þó helgað sig verkefninu alfarið og var þá veitt launalaust leyfi til eins árs.

Verkefnið var í fyrsta sinn kynnt opinberlega með veglegri dagskrá í Landsbókasafni 30. maí 1998, og það ár var sumarsýning safnsins helguð þessu viðfangsefni. Hvort tveggja, samkoman og sýningin, var liður í Listahátíð í Reykjavík 1998.

Dagana 7.–9. júlí 2000 var haldið málþing í Skálholti undir yfirskriftinni Trú og tónlist í íslenskum handritum, þar sem fyrstu niðurstöður verkefnisins voru lagðar fram. Einnig var sett upp sýning á staðnum með myndefni úr handritunum, einkum því sem tengist trú og tónlist.

Mat á störfum

Óskir höfðu verið uppi um það af hálfu stéttarfélaga að launakerfinu yrði beitt með sveigjanlegri hætti í bókasafninu. Til að geta orðið við þeim óskum var framkvæmt

starfsmat á árinu, og önnuðust það aðstoðarlandsbókavörður og fjármálastjóri safnsins, í samvinnu við forstöðumenn deilda og starfseininga.

Starfsmannasamtöl

Í framhaldi af stefnumótunarvinnu safnsins voru tekin upp starfsmannasamtöl. Forstöðumenn deilda og aðilar í stjórnsýslu safnsins önnuðust viðtölin, og var þeim lokið seint á árinu, en farið verður yfir málin með svipuðum hætti að ári liðnu. Jafnframt voru starfslýsingar yfirfarnar og endurskoðaðar.

Heilsuverndarmál

Safnið gerði á árinu samning við fyrirtækið Heilsuvernd, með gildi frá 1. maí. Þjónustan felst annars vegar í skráningu veikinda á vinnustað og tölfraðilegri úrvinnslu úr þeim upplýsingum, hins vegar í ráðgjöf um heilsuvernd og heilsuefningu. Fyrirtækið annast forvarnarþjónustu eftir því sem um er beðið. Þannig fóru blóðþrýstings- og blóðfitumælingar í fyrsta sinn fram í maí, og nýttu 66 starfsmenn sér það. Undanfarin ár hefur safnið boðið starfsfólki upp á bólusetningu einu sinni á ári, en bólusetning á vegum Heilsuverndar var í fyrsta sinn í október, og létu þá 34 starfsmenn bólusetja sig.

Viðverukerfi

Í júnímánuði var keypt af Verk- og kerfisfræðistofunni hf. svokallað viðverukerfi. Það er í senn tengt tölvupóstkerfi safnsins og stimpilklukkukerfinu og sýnir hvaða starfsmenn eru viðláttnir. Þurfi menn að sækja fundi innan húss eða utan eða víkja sér af vinnustað annarra erinda setja þeir þær upplýsingar inn í kerfið, ásamt áætluðum komutíma.

Viðverukerfið gerir öll samskipti innan húss markvissari og auðveldar meðal annars símavaktinni að gefa greiðar og öruggar upplýsingar.

Handbók starfsmanna

Á sex ára afmæli safnsins 1. desember 2000 var dreift til allra starfsmanna sérmerktri lausblaðamöppu sem ætluð er fyrir margvíslegt efni sem hentugt er fyrir hvern og einn að geta gengið að á einum stað.

Meðal þess efnis sem sett var í möppuna þegar í upphafi var innnanhússsímaskrá; handbók um byggingu og búnað, en þar er m.a. sitthvað um öryggismál; yfirlit um sjóði og styrki; yfirlit um fjölþjóðlega þátttöku; og síðast en ekki síst starfsreglur sem höfðu verið rækilega undirbúnar á undanförunum mánuðum. Ætlunin er að auka við þetta efni á næstu mánuðum og árum og endurnýja það sem fyrir er eftir þörfum.

Nefnd um viðurkenningu til ríkisstofnana

Í janúar barst safninu spurningalisti frá ofangreindri nefnd sem hefur það hlutverk „að veita viðurkenningu til ríkisstofnunar sem skarar fram úr og er til fyrirmyndar í starfi sínu“. Nefndin mæltist til þess að sem flestar stofnanir fylltu út spurningalistann, og varð safnið við þeirri ósk. Í svari nefndarinnar til landsbókavarðar 25. maí er safninu þökkun þátttakan og staða þess skilgreind með eftirfarandi hætti: „Nefndin telur að stefnumótun safnsins geti orðið góður grunnur til að efla forystuhlutverk þess, forgangsraða verkefnum og tryggja áherslu sem menntamálaráðuneytið tekur undir. Í svari safnsins kemur fram hve rekstraráætlanir hafa gegnt þýðingarmiklu hlutverki við stjórnun safnsins og gætu margar stofnanir lært af því. Áhersla á að fræða notendur um þjónustu safnsins og að bæta aðgengi er einnig til fyrirmyndar. Nefndin vill að lokum hvetja yður og aðra starfsmenn stofnunarinnar til að vinna að áframhaldandi framförum í rekstri hennar.“

Viðbygging við Þjóðarbókhöfð

Í stefnumótun safnsins sem gefin var út í nóvember 1999 er lagt til að hafinn verði undirbúningur að viðbyggingu við Þjóðarbókhöfð. Landsbókavörður áréttaði þessa tillögu á afmælissamkomu safnsins 1. desember 1999. Menntamálaráðherra skipaði síðan nefnd 11. apríl 2000 „til að móta tillögur um viðbyggingu við Þjóðarbókhöfð, sem jafnframt því að leysa úr þörfum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns fyrir aukið rými verði aðsetur Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi og fleiri háskólatengdra stofnana er fást við rannsóknir á íslenskri tungu og bókmenntum og vinna að viðgangi þeirra“. Í nefndina voru skipaðir Garðar Halldórsson arkitekt, án tilnefningar, formaður, Einar Sigurðsson landsbókavörður, tilnefndur af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Magnús D. Baldursson aðstoðarmaður rektors, tilnefndur af Háskóla Íslands, og Vésteinn Ólason forstöðumaður, tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Nefndin skilaði menntamálaráðherra greinargerð sinni í janúar 2001, og verður sagt frá tillögum hennar í ársskýrslu þess árs.

Styrkir til erlendra aðila

Hin svokölluðu „IFLA Core Programmes“ nutu styrks frá safninu sem nam 500 Bandaríkjadöllum, og er það sama upphæð og fyrri ár. Starfsemi þessari er stýrt frá höfuðstöðvum IFLA, alþjóðasambandi bókasafna, í þjóðbókasafninu í Haag í Hollandi.

Einnig var haldið áfram stuðningi við „Advancement of Librarianship in The Third World Programme (IFLA ALP)“, sem stjórnað er frá háskólabókasafninu í Uppsölum. Upphæðin var hin sama og undanfarin ár, 6.500 sænskar krónur.

Þá greiddi safnið á árinu 700 evrur til ECPA – European Commission for Preservation and Access. Á móti fær það skýrslur og rit sem nefndin gefur út.

Fyrir meðalgöngu sendiráðs Íslands í Finnlandi sendi Landsbókasafn eistneska þjóðbókasafninu nokkra tugi rita, en bækurnar verða til notkunar í sérstöku Norðurlandaherbergi þar í safninu.

Viðburðaríkt aldamótaár

Óvenjulega mikið var um sýningar og samkomur í safninu í tilefni aldamótaárs og tímamóta í sögu þjóðar og borgar sem bar upp á það ár. Safnið naut af þessu tilefni verulegra styrkja til að standa fyrir sýningum og öðrum viðburðum. Þannig styrkti landafundanefnd safnið um 4,5 millj. kr., kristnihátíðarnefnd um 200 þús. kr. og Reykjavík – Menningarborg Evrópu 2000 um 3 millj. kr. Safnið naut einnig styrkja frá Hinu íslenska Biblíufélagi, Félagi bókagerðarmanna og Samtökum iðnaðarins.

Þrjú söfn vestanhafs stóðu ásamt Landsbókasafni að sýningunni Stefnumót við íslenska sagnahefð – Living and Reliving the Icelandic Sagas, og var safninu mikill styrkur að þeirri samvinnu, bæði beint og óbeint.

Vegna umfangs sýningarhalds á aldamótaárinu var starfshlutfall umsjónarmanns sýningarhalds aukið og einnig ráðinn sýningarhönnuður í fullt starf til rúmlega eins árs. Gerð er grein fyrir sýningarhaldinu í sérstökum kafla.

Nemar í bókasafns- og upplýsingafræði

Námskeiðið Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Hlutverk, starfsemi og þjónusta, var með sama hætti og áður, og haldið 10.–12. janúar 2000. 35 nemar voru skráðir.

FJÁRMÁL

Þróun fjármála og fjárveitinga

Tölur þær sem hér fara á eftir miðast við verðlag hvers árs um sig. Sértekjur, þ.e. sjálfsaflafé safnsins, koma ekki fram í yfirlitinu, en í Töflu 12 koma fram heildar-útgjöld áranna 1994 (desember) til 2000.

Áætlun Samstarfsnefndar 4. mars 1994:	299.0 millj. kr.
Áætlun fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis, mars 1994:	242.0 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1995:	161.8 millj. kr.
Fjárlög 1995:	190.8 millj. kr.
Fjáraukalög 1995:	40.5 millj. kr.
Fjárveiting 1995:	231.5 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 1996:	321.3 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1996	248.9 millj. kr.
Fjárveiting 1996:	248.9 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 1997:	307.4 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1997:	264.5 millj. kr.
Fjáraukalög 1997:	7.0 millj. kr.
Fjárveiting 1997:	252.0 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 1998:	280.2 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1998:	276.6 millj. kr.
Fjáraukalög 1998:	10.0 millj. kr.
Fjárveiting 1998:	296.0 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 1999:	346.0 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1999:	296.0 millj. kr.
Fjárveiting 1999:	316.0 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 2000:	388.5 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp 2000:	317.7 millj. kr.
Fjárveiting 2000:	317.7 millj. kr.

Á árinu 2000 var Ritakaupasjóður H.Í. 46.5 millj. kr. eins og tvö undarfarin ár. Einnig kom 13.3 millj. kr. fjárframlag til safnsins gegnum fjárlög háskólans vegna lengingar opnunartíma, þannig að raunveruleg fjárveiting frá ríkinu á árinu 2000 var **377.5 millj. kr.**

SJÓÐIR OG STYRKIR

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Geir Þ. Þórarinnsson	Heimildir um forn fræði í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni	2 mán.
María Ásmundsdóttir	Heimildir um forn fræði í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni	2 mán.

Rannsóknarleyfi

Samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags háskólakennara er heimilt að veita starfsmönnum leyfi til framhaldsnáms eða rannsókna allt að tvo mánuði á sex ára fresti. Ákveðin upphæð er á fjárlögum vegna rannsóknarleyfa starfsmanna í fjárhagslega sjálfstæðum stofnunum sem tengjast Háskóla Íslands. Landsbókasafn hefur notið góðs af þessu, og hafa starfsmenn safnsins nýtt sér á árinu 2000 heimildir til ferða- og dvalarstyrkja svo sem hér segir:

Þórir Ragnarsson	Framkvæmd skylduskila til safna á Norðurlöndum	Danmörk og Svíþjóð	1 mán.
Auður Gestsdóttir	Sumarskóli og EFTA-bókasafnið í Brussel	Wales, Belgía	2 mán.

Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands

Landsbókasafn og vísindanefnd Háskóla Íslands gerðu með sér samkomulag 30. janúar 1996 um að bókasafnið leggi þeirri deild Rannsóknarsjóðs H.Í., sem ætlað er að styrkja skráningarverkefni sérstaklega, til ákveðinn hundraðshluta sértekna sinna. Þó skal árlegt framlag safnsins aldrei vera lægra en 250 þús. kr., og það er sú upphæð sem safnið lagði sjóðnum til á árinu. Eftirfarandi styrkur var veittur starfsmanni safnsins:

Hallfríður Baldursdóttir	Íslensk blöð og tímarit 1974–1999	kr. 300.000
--------------------------	-----------------------------------	-------------

Styrkur frá NORDINFO til starfaskipta

Helga Kristín Gunnarsdóttir	Háskólabókasafnið Uppsölum, Svíþjóð	1 mán.
-----------------------------	-------------------------------------	--------

Atvinnuleysistryggingasjóður

Einn starfsmaður vann í fimm mánuði í safninu að átaksverkefni á bótum frá atvinnuleysistryggingasjóði, og greiddi safnið mun bótanna og fullra launa. Starfsmaðurinn fékk áfram starf við safnið að loknu ofangreindu tímabili.

Aðrir styrkir

Safnið hefur notið styrkja víðar að en hér hefur verið talið, og vísast um það sérstaklega til kaflans *Þróunarverkefni í upplýsingatækni*.

FJÖLBJÓÐLEG ÞÁTTTAKA

Almennt um fjölbjóðlegt samstarf

Það sem hér er rakið segir ekki alla söguna um fjölbjóðlega þátttöku safnsins eða starfsmanna þess. Í sumum tilvikum er um vel mótaða og virka þátttöku að ræða, en í öðrum er aðildin lítið meira en formið. Á hinn bóginn sækja starfsmenn safnsins ýmsa viðburði erlendis sem ekki falla beinlínis undir neitt af því sem að neðan er talið – ýmist að eigin frumkvæði eða fyrir tilverknað safnsins.

Yfirlitið sem hér fer á eftir miðast við stöðuna eins og hún er á árinu 2000, og greining á fjárupphæðum í íslenskum krónum miðast við gengi í lok þess árs.

IFLA – International Federation of Library Associations and Institutions

IFLA var stofnað á alþjóðaráðstefnu í Edinborg 1927. Yfir 1600 stofnanir eða félög í 143 löndum eiga aðild að IFLA. Landsbókasafn bættist í þann hóp 1997. Fyrir þátttöku sína í IFLA greiðir Landsbókasafn 750 gyllini, og felur hún m.a. í sér aðild að tveimur deildum (Sections) samtakanna. Safnið á aðild að fimm deildum til viðbótar (100 gyllini x 5 = 500 gyllini), og kostar því aðildin alls 1250 gyllini á ári, að viðbættu 25 gyllina umsýslugjaldi, eða um 46.000 kr. Safnið hefur haldið áfram þeim stuðningi sem fyrra Landsbókasafn hafði veitt svokölluðum „IFLA Core Programmes“, og nemur hann 500 Bandaríkjadöllum á ári, eða um 43.000 kr. Starfsemi þessari er stýrt frá höfuðstöðvum IFLA í Þjóðbókasafninu í Haag í Hollandi. Einnig er haldið áfram stuðningi við „Advancement of Librarianship in the Third World Programme (IFLA ALP)“, sem stjórnað er frá háskólabókasafninu í Uppsölum. Stuðningurinn nemur 6.500 sæ. kr. á ári, eða um 58.000 ísl. kr. Heimasíða: www.ifla.org

CDNL – Conference of Directors of National Libraries

Um er að ræða fremur óformleg samtök sem halda eins dags fund á ári hverju, samtímis hinum árlegu IFLA-ráðstefnum. Landsbókavörður hefur tekið þátt í þessum ráðstefnum síðan 1997, þau ár sem hann hefur sótt IFLA-ráðstefnurnar.

CENL – Conference of European National Librarians

Samtökin voru mynduð 1987, og viðheldur safnið þeirri aðild sem þegar hafði stofnast til á vegum fyrra Landsbókasafns. Þátttaka í CENL lýtur sömu viðmiðun og aðild að Evrópuráðinu. Þátttökuþjóðir eru nú um 40. Hinar árlegu ráðstefnur hefur landsbókavörður sótt reglulega flest undanfarin ár. Formennska samtakanna fluttist 1997 frá Frankfurt am Main til Haag. Árgjald er 200 evrur, eða um 16.000 kr. Samtökin starfrækja vefsíðu Þjóðbókasafna í Evrópu, Gabriel. Safnið greiðir 300 evrur sem árgjald til hennar, eða um 24.000 kr., og hefur lagt inn á hana margvíslegan fróðleik um safnið. Heimasíða: www.konbib.nl/gabriel/

Fundir Þjóð- og ríkisbókavarða Norðurlanda

Þjóðbókaverðir Norðurlanda, þ.e. Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, hafa um árabil haldið með sér fundi, nú síðustu árin tvisvar á ári hverju. Slíkur fundur var á Íslandi í fyrsta sinn í apríl 1998. Röðin kemur aftur að Landsbókasafni í maí 2001.

Fundir Þjóðbókavarða Færeyja, Grænlands og Íslands

Þjóðbókaverðir þessara landa hittust fyrst á fundi á Íslandi 1989, í Færeyjum 1992, og á Grænlandi 2000. Næsti fundur er ráðgerður á Íslandi 2002.

NORDINFO

Um er að ræða norrænt ráð um vísindalegar upplýsingar, sem stofnað var til árið 1976 og kostað er af Norrænu ráðherranefndinni. Skrifstofa samtakanna hefur frá upphafi verið í Finnlandi. Íslendingar hafa ávallt átt mann í stjórninni. Einn af bókavörðum Landsbókasafns gegndi því hlutverki árin 1995–2000 og fór með formennsku samtakanna árið 1999. Er það í fyrsta sinn sem Íslendingur er formaður NORDINFO. Frá og með árinu 2001 er einn af bókavörðum Landsbókasafns varamaður í stjórninni. Íslendingar hafa tekið þátt í nokkrum verkefnum sem NORDINFO styrkir, m.a. VESTNORD (þ.e. færslu blaða og tímarita í stafrænt form), og frá árinu 1998 hefur Landsbókasafn átt aðild að starfsmannaskiptum sem NORDINFO veitir styrki til. Heimasíða: www.nordinfo.helsinki.fi

NVBF – Nordisk videnskabeligt bibliotekarforbund

Um er að ræða norræn samtök rannsóknarbókavarda sem stofnuð voru 1927. Félag bókavarda í rannsóknarbókasöfnum (sem áður hét raunar öðru nafni sem deild í Bókavardafélaginu og er nú orðið hluti af Upplýsingu) gerðist aðili að samtökunum árið 1966. Íslendingar eiga tvo menn í stjórn þeirra, og var annar þeirra úr Landsbókasafni þar til skipti urðu í árslok 1997, en bókasafnið sem slíkt á ekki formlega aðild að samtökunum. Frá og með árinu 2000 fer Íslendingur í fyrsta sinn með formennsku í NVBF. NVBF gengst fyrir ráðstefnum, námstefnum og sumarskólum. Slíkar samkomur hafa nokkrum sinnum verið á Íslandi. Auk þess gengst NVBF fyrir kynnisferðum, og hafa starfsmenn í Landsbókasafni nokkrum sinnum tekið þátt í þeim.

ISBN – International Standard Book Number

Landsbókasafn hefur annast úthlutun alþjóðabóknumera fyrir Ísland síðan 1990. Höfuðstöðvar starfseminnar eru í Staatsbibliothek zu Berlín, en þátttökuþjóðir eru um eitt hundrað. Haldin er ráðstefna árlega um málefnið, og hefur starfsmaður í safninu oftast en ekki tekið þátt í þeim síðan safnið gerðist aðili. Heimasíða: www.isbn.org

ISSN – International Standard Serial Number.

Allmörg undanfarin ár hefur Landsbókasafn útvegað ISSN-númer fyrir íslensk tímarit frá alþjóðaskrifstofu tímaritsnumera í París, en frá og með árinu 2001 verður safnið formlegur aðili að þessari starfsemi. Slík aðild kostar FRF 2.995, eða um 37.000 kr. á ári, auk nokkurs ferðakostnaðar og vissrar fyrirhafnar heima fyrir, en tryggir jafnframt að færslur fyrir íslensk tímarit verða vandaðri en ella á hinum alþjóðlega vettvangi. Heimasíða: www.issn.org

NOSP – Nordisk samkatalog for periodica.

Ísland hefur um langt árabil verið þátttakandi í hinni norrænu samskrá um tímarit, sem nú hefur höfuðstöðvar sínar í Þjóðbókasafninu í Osló. Skerfur Íslands er færður upp tvisvar á ári. Fundir um málefnið eru haldnir annað til þriðja hvert ár, stundum með aðild skrifstofu alþjóðanúmerakerfis tímarita í París. Landsbókasafn hefur tekið þátt í flestum þessara funda.

Rammaáætlanir Evrópusambandsins

Enda þótt Ísland sé ekki í Evrópusambandinu þá er það í EES og átti því aðild að fjarvirkniáætluninni (Telematics Programme). Fór Landsbókasafn með þau tengsl, – var „National Focal Point“, og annaðist einn af starfsmönnum safnsins þessi samskipti. Tímabili hinnar svokölluðu fjórðu rammaáætlunar ESB lauk um áramótin 1998/99 og

við tók hin fimmta sem tekur til ára 1999–2002. Í nóvember 2000 var stofnað til formlegs samstarfs bókasafna, minjasafna og skjalasafna til að halda uppi sambandi við og eiga aðild að CULTIVATE, sem eru samtök innan IST–áætlunar ESB (Information Society Technologies), með tengiliði í um 15 löndum, svokallaða „national nodes“. Landsbókasafn fer í bili með forystu í þessu samstarfi, en aðild að því eiga einnig Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn, Listasafn Íslands og Rannís. – Gert er ráð fyrir að samstarf ofangreindra aðila hafi ekki síður þýðingu varðandi ýmis málefni þeirra á innlendum vettvangi.

ECPA – European Commission for Preservation and Access

Stofnað var til þessara samtaka árið 1994, og eru þau evrópsk samsvörun hliðstæðra samtaka sem lengi hafa starfað í Bandaríkjunum, en athygli bókasafna heimsins beinist nú í vaxandi mæli að varðveislumálum. Bækistöðvar ECPA eru í Vísindaakademíu Hollands í Amsterdam. Landsbókasafn greiddi 600 evrur, eða um 49.000 kr., til samtakanna árið 1996 og 700 evrur, eða um 56.000 kr., árið 2000. Á móti hefur safnið fengið skýrslur og rit sem ECPA gefur út um varðveislumál. Samtökin hafa sett upp á Netinu Evrópukort varðveislumála (Preservation Map of Europe), og hefur verið miðlað þangað upplýsingum frá Íslandi. Heimasíða: www.knaw.nl/ecpa

IATUL – International Association of Technological University Libraries

Þátttaka er að forminu til bundin einstaklingum, og á landsbókavörður aðild að samtökunum. Um virka þátttöku hefur ekki verið að ræða, en rit samtakanna, IATUL Proceedings og IATUL News, koma reglulega í safnið gegn greiðslu þátttökugjalds sem er 118 evrur, eða um 9.400 kr.

Liber – Ligue des bibliothèques européennes de recherche

Finnski þjóðbókavörðurinn var formaður samtakanna um árabíl, en frá ársbyrjun 1999 fluttist formennskan til Þýskalands. Skrifstofa Liber er í Kaupmannahöfn í tengslum við Konunglega bókasafnið. Landsbókasafn á aðild að samtökunum, en hefur ekki tekið virkan þátt í starfseminni, þ.e. hvorki sótt hinar árlegu ráðstefnur Liber né átt virka aðild að starfshópum. Tímarit samtakanna, *The Liber Quarterly*, kemur reglulega í safnið gegn greiðslu þátttökugjalds sem er 1.150 d. kr., eða um 12.600 ísl. kr.

IAML – International Association of Music Libraries, Archives and Documentation Centres

Tón- og mynddeild Landsbókasafns gerðist aðili að þessum samtökum haustið 1995. Þau voru stofnuð árið 1951 í því skyni að efla samvinnu og auka framgang safna og stofnana sem fara með tónlistarefni. IAML er aðili að IFLA og heldur stóra ráðstefnu ár hvert, og sótti deildarstjóri tón- og mynddeildar slíka ráðstefnu 1995. Aðild að IAML fylgir áskrift að tímaritinu *Fontes artis musicae* sem kemur út ársfjórðungslega. Í því tímariti birtist árlega skrá sem ber heitið *Recent publications in music*, og hefur deildarstjóri tón- og mynddeildar þrisvar sinnum, árin 1997, 1999 og 2000, tekið saman skrár um íslenskar bækur á sviði tónlistar (*Recent publications in music in Iceland*) til birtingar í ritinu. Framlag frá Íslandi hafði ekki birst þar áður.

IAML styður ásamt IMS (International Musicological Society) fjögur alþjóðleg útgefuvörðunir: RISM (Répertoire international des sources musicales): Skrár um tónlistarhandrit fyrir 1800 og skrár um rannsóknarbókasöfn á tónlistarsviði; RILM (Répertoire international de littérature musicale): Skrár með umsögnum um útgefið tónlistarefni; RidIM (Répertoire international d'iconographie musicale): Skrár um

myndefni í tónlist og RIPM (Répertoire international de la presse musicale): Skrár um greinar í tónlistartímaritum frá 19. öld. – Þess má geta að nýlega var leitað eftir þátttöku tón- og mynddeildar í RILM fyrir Íslands hönd. Heimasíða: www.cilea.it/music/iaml/iamlhome.htm

IASA – International Association of Sound and Audiovisual Archives

Tón- og mynddeild Landsbókasafns varð aðili að IASA í ársbyrjun 1996, en þau samtök voru stofnuð 1969 í tengslum við UNESCO í því skyni að stuðla að og efla alþjóðlegt samstarf stofnana og safna sem hafa nýsigögn í safnkosti sínum. Samtökin eru nátengd IAML. IASA heldur árlega ráðstefnu og gefur út *IASA Journal* og *IASA Information Bulletin*. Deildarstjóri tón- og mynddeildar sótti IASA ráðstefnu árið 1999, og í 1. tbl. *IASA Information Bulletin* 2001 er stutt grein um tón- og mynddeild í Landsbókasafni. Heimasíða: www.llgc.org.uk/iasa/

IASA Nordic Branch

Norðurlöndin eiga með sér samstarf í IASA Nordic Branch, og er tón- og mynddeild nú formlega aðili að því samstarfi. IASA Nordic Branch heldur fund þriðja hvert ár, og sótti deildarstjóri tón- og mynddeildar slíkan fund í Kaupmannahöfn vorið 2000. Heimasíða: www.alb.se/ALB/iasa/iasa.htm

NWA – Nordic Web Archive

Norrænu þjóðbókasöfnin hafa sameinast um þróun tækni og aðferða til að safna sífellt vefefni hvers lands samkvæmt löggjöf um skylduskil, varðveita það til frambúðar og veita aðgang að því samkvæmt réttmætum þörfum og höfundarréttarlögum. Landsbókasafn er þátttakandi í þessu tímabundna átaksverkefni sem ljúka á á árinu 2002. Kostnaður er að miklu leyti borinn uppi af styrk frá NORDUNET2.

AÐFANGAÐEILD

Hlutverk

Hlutverk aðfangadeildar er að annast uppbyggingu safnkosts bókasafnsins. Deildin annast val og kaup á bókum, tímaritum og öðrum safngögnum, hún sér um skylduskil íslenskra prentaðra gagna svo og ritaskipti, og tekur á móti gjöfum sem berast safninu. Samskrá um erlend tímarit er á vegum deildarinnar sem annast enn fremur samskipti vegna þátttöku Íslands í NOSP og sér fyrir Íslands hönd um úthlutun á alþjóðabók-númerinu (ISBN) og alþjóðlegum númerum tímarita (ISSN).

Skylduskil

Með skipun varðveislustjóra í safninu 1. maí urðu talsverðar breytingar á verkefnum: bókbandsumsjón hefur flust úr skylduskilum að verulegu leyti þó að tímarit safnist að vísu þar og bíði bands. Jafnframt hefur ferli ritanna verið breytt, t.d. koma bækur ekki aftur til skylduskila að skráningu lokinni. Er dregur úr frágangsvinnu þurfa starfsmenn að geta beint kröftum í meira mæli að aðfangastarfinu sjálfu.

Umtalsverður hluti starfsins í skylduskilum felst í því að hafa samband við skilaskylda aðila annars vegar og svara ýmsum fyrirspurnum um skylduskilin hins vegar. Við talningu árið 2000 reyndust símtöl vegna innheimtu 866 og fjöldi bréfa vegna innheimtu 384. Fjöldi fyrirspurna sem bárust var 392.

Í tölulega yfirlitinu um aðföngin 2000 er m.a. greint frá helstu tölum sem sýna umfang þess efnis sem fer í gegn í skylduskilum (sjá Töflu 1). Athygli skal vakin á því að frá og með árinu 2000 er þetta efni talið með nokkuð öðrum hætti en verið

hefur undanfarin ár og þess vegna þarf að beita varkárni þegar tölur eru bornar saman milli ára. Einkum eru tölurnar um blöð og tímarit ósambærilegar þar sem nú er hver eining talin þar sem áður var fjöldi titla.

Prentaður bæklingur, *Leiðbeiningar um skylduskil – prentað efni*, kom út á árinu. Honum var dreift ásamt veggspjaldi til um 160 aðila, helstu framleiðenda skilaskylds efnis, til þess að minna á skilin og tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um þau væru til staðar.

Ritakaup

Fjárveitingar vegna ritakaupa voru óbreyttar á árinu svo og ritakaupastefna í meginatriðum. Nokkurrar aðhaldssemi var gætt, einkum að því er lýtur að áskriftum tímarita, til að búa í haginn fyrir aukinn aðgang að rafrænu efni, þ.m.t. tímaritum. Rafrænn aðgangur hefur verið að aukast smám saman undanfarin ár (sjá síðar). Hin hefðbundnu bókakaup jukust nokkuð á árinu en auk þess festi safnið kaup á drjúgum hluta af bókasafni Þorsteins Jósefssonar (1907–67) blaðamanns með stuðningi frá Þjóðmenningarhúsi.

Fé Ritakaupasjóðs fyrir árið 2000 var alls 46.500.000 og skiptist þannig: guðfræðideild, 997.000; læknadeild, 7.094.000; tannlæknadeild, 850.000; lyfjafræði lyfsala, 131.000; lagadeild, 3.000.000; viðskipta- og hagfræðideild, 5.328.000; heimspékideild, 6.846.000; verkfræðideild, 2.619.000; félagsvísindadeild, 4.889.000; hjúkrunarfræði, 870.000; sjúkraþjálfun, 269.000; raunvísindadeild, 13.607.000. Hlutföll voru óbreytt frá fyrra ári. – Samþykkt háskólaráðs frá því í desember 1998 um bókafulltrúa og bókasafnsnefndir í deildum háskólans með viðtækara hlutverki en tíðkast hefur var varla komin til framkvæmda í öllum deildum árið 2000. Það breytir því þó ekki að samráð um ritakaup við deildir háskólans er mikið. Mest af því efni sem keypt er til safnsins er valið í einhvers konar samvinnu við notendur sem er með ýmsu móti, oft óformleg, og í þeim deildum þar sem svigrúm til bókakaupa er verulegt koma gjarna mjög margir að valinu. Allmargir tugir manna senda inn bókakaupa-tillögur reglulega í umtalsverðum mæli.

Safnið hefur frá upphafi fengið stóran hluta þeirra erlendu bóka sem það kaupir frá Bóksölu stúdenta, en það hefur reynst hagkvæmt að kaupa sem mest frá einum aðila. Þó skiptir safnið líka við fjölda erlendra bóksala í helstu grannlöndum auk þess sem erlendar tímaritaáskriftir koma ýmist frá 3–4 sérhæfðum fyrirtækjum eða beint frá útgefendum. Síðan 1997 hafa bækur í auknum mæli verið pantaðar í gegnum Netið og varð veruleg aukning þar á árið 2000 með bættum tæknibúnaði í safninu. Það hefur reynst vel að kaupa bækur og annað efni með þessum hætti þegar mikið er í húfi að fá það í flýti, en þar kemur líka til að nú orðið er fylgst með bókamarkaði að talsverðu leyti með hjálp Netsins.

Virðisaukaskattur er greiddur af bókum og tímaritum sem safnið kaupir. Þar sem safninu berst mikið af litlum sendingum í pósti erlendis frá skapar innheimta skattsins mikil óþægindi og aukakostnað sem kemur niður á ritakaupunum. Kostnaður og tafir færðust enn í aukana árið 2000 með breytingum á reglum um afgreiðslu þessa efnis.

Tímaritahald

Frá því í október 1999 var unnið að því að fá rafrænan aðgang að öllum tímaritum sem bjóða upp á rafrænan aðgang og safnið er með í áskrift. Ákveðið var að segja ekki upp prentuðum útgáfum þessara tímarita að svo stöddu. – Frá upphafi var gert ráð fyrir að rafræn tímarit yrðu gerð sýnileg notendum safnsins á heimasíðu þess. Unnið var að gerð nýrrar heimasíðu allt árið og þurfti því að tengja ritin við báðar síðurnar, hina gömlu og hina nýju. Það tafði mjög fyrir tengingu að tölvur í tímaritahaldi

voru ekki nægilega öflugar til að prófa mætti rafræna aðganginn, en sá vandi leystist um mitt ár. – Í tengslum við starf Verkefnisstjórnar um aðgang að gagnasöfnum og tímaritum var unnið að því að taka saman heildarlista um áskriftir safnsins og hvaðan tímaritin eru keypt, svo og að afla upplýsinga frá nemendaskrá og starfsmannaskrifstofu háskólans um fjölda hugsanlegra notenda, og búa þannig í hagin fyrir samninga um landsaðgang.

Vorið 2000 var farið að senda ný tímaritshefti jafnóðum og þau berast í safnið í bókastofu í Odda. Um er að ræða 60 af erlendum tímaritum félagsvísindadeildar og um 50 af tímaritum viðskipta- og hagfræðideildar. Tímaritsheftin eru í bókastofunni í einn mánuð hverju sinni. Tveir bókaverðir í tímaritahaldi og útlánadeild skiptast á um að fara vikulegar ferðir og njóta aðstoðar starfsmanns í húsvörslu við flutning tímaritanna fram og til baka. – Það er nú orðin meginregla í útibúum safnsins að aðeins örfáir árgangar séu á hverjum stað, sums staðar aðeins yfirstandandi árgangur og í Odda aðeins nýjasta hefti. Þetta hefur á undanförunum misserum aukið vinnu við uppröðun og frágang í Þjóðarþóð, og er nú svo komið af þessum ástæðum og öðrum að kjallarageymslur eru fullnýttar og á þriðju hæð þrengist um.

Gjafaáskriftir sem aflað var vegna þjóðaráttaks stúdenta til stuðnings ritakaupum miðuðust margar við árin 1995–99, og þurfti Landsbókasafn og Ritakaupasjóður að taka við áskriftargreiðslum þeirra tímarita frá og með árinu 2000. Einnig hætti Landsbanki Íslands að kosta áskriftir átta tímarita sem hann hafði kostað allt frá árinu 1985 þegar viðskiptadeild háskólans gekkst fyrir söfnun meðal stofnana og fyrirtækja. Í árslok voru um 30 gjafaáskriftir vegna þjóðaráttaksins enn virkar.

Unnið er að Samskrá um erlend tímarit í tímaritahaldi, og starfsmaður þar annast einnig erlend samskipti vegna NOSP og ISSN. Ráðgert er að þegar kemur að því að hefja rekstur ISSN-skrifstofunnar verði hún í tímaritahaldi.

Keyptur aðgangur að gagnasöfnum um Netið

Í flestum tilvikum er ekki um að ræða eiginleg kaup á gögnum heldur er samið um kaup á aðgangi að tilteknum gögnum í tiltekinn tíma með ákveðnum skilyrðum.

Þessi tegund af aðgangi hefur verið að aukast í safninu nú allrasíðustu ár og sérstaklega árið 2000. Í árslok 2000 var aðgangur að gagnasöfnum með þeim hætti sem hér segir:

A. Landsaðgangur (opinn aðgangur allra á Íslandi):

Britannica, alfræðirit. • *ProQuest*-gagnasöfnin. Samið var á miðju ári um landsaðgang. Fram að því var Landsbókasafn með áskrift að hluta þessa efnis í félagi við nokkur önnur söfn. Aðgangur að fjölda gagnasafna og tímarita með óstyttnum texta. • *Web of Science*. Samið var í desember um landsaðgang.

B. Aðgangur í félagi við aðra (aðgangur frá tilteknum IP-tölum):

CSA, Cambridge Scientific Abstracts, safn um 33 gagnasafna sem sum hver innihalda allmargar smærri skrár • *EI Compendex Web* + *Village* • *MD Consult* • *Ovid*, nokkrir bókfræðigrunnar og tímaritasöfn.

C. Safnið eitt eða safnið og Háskóli Íslands í heild (aðgangur með notendanafni/aðgangsorði eða frá tilteknum IP-tölum):

Celex • GeoRef CSA • Global Books in Print. Áskrift tekin í lok árs • Historical Abstracts • LISA • MLA • Morgunblaðið, gagnasafn • Norart • PAIS • Philosopher's Index • (UN Optical Disk System, rit Sameinuðu þjóðanna) • UN Treaty Collection (UNTC) • WebDewey in CORC • Þjóðskráin. • Ennfremur má nefna hér rafræn tímarit, staka titla í áskrift hjá útgefendum eða tímaritasölum. Fjöldi titla á heimasíðu var í árslok um 100.

Gjafir

Sem fyrr nýtur safnið góðs af velvilja fjölmargra einstaklinga, stofnana og fyrirtækja sem senda því bækur og önnur rit að gjöf. Þetta er mikilsvert við uppbyggingu ritakostsins, og oft er um að ræða efni sem erfitt getur reynst að afla með öðrum hætti. Þar sem mikið berst að af gjöfum hefur það reynst ærinn starfi að fella þær inn í safnkostinn og mikið bíður úrvinnslu. Á árinu 2000 ber hæst að í tilefni af opnun bókasalar Þjóðmenningarhússins ákváðu erfingjar Torfa Hjartarsonar tollstjóra og ríkissáttasemjara (1902–1996) að færa Landsbókasafni að gjöf talsvert á þriðja hundrað kjörgripa úr safni hans. Þessi rit má nú flest sjá í bókasalnum, sum í sýningarpúltum, önnur í hillum. Hér verða taldir nokkrir gefendur hinna stærri bókaagjafa sem safninu bárust á árinu 2000 án þess að þeim séu gerð frekari skil:

Beatrice Bixon (guðfræðirit). – Danska sendiráðið (danskar bækur). – Elísabet Einarsdóttir (verkfræðirit úr safni Þorsteins Helgasonar). – Gunnar Sveinsson (db.; mest íslensk rit). – Halldóra Sigurðardóttir og Björgvin Ólafsson (íslenskar bækur). – Hallgrímur Jakobsson (db.; bækur, nótur og gamlar hljómplötur). – Paul Hansen (eðlisfræðibækur). – Ítalska menningarstofnunin í Osló. – Jóhanna Jóhannesdóttir (sálmabækur úr förum afa hennar, Þorsteins Konráðssonar). – Kjartan Jóhannsson (bækur um aðgerðarannsóknir o.fl.). – Terry Lacy (geisladiskar o.fl.). – Eva Lehmann (blandað efni erlent). – Málvísindastofnun Háskóla Íslands (málfræðibækur). – Ólafur Jensson (verkfræðirit). – Pro Helvetia (svissneskar bókmenntir). – Sigrún Á. Eiríksdóttir (spænskar bókmenntir og málfræði). – Società di Studi Monzesi (sagnfræðirit). – Traute Sønderholm (bækur Gunnars Gunnarssonar o.fl.). – Tom Södermann (rit er varða finnsk efni). – Una Pétursdóttir og Ingbór Sigurbjörnsdóttir (íslenskar bækur). – Vésteinn Lúðvíksson (bækur um austræn trúarbrögð o.fl.). – Þór Jakobsson (bækur upprunalega úr eigu föður hans, Jakobs Jónssonar). – Þórir Stephensen (guðfræðirit). – Þess skal og getið að bókasafn Hallgríms Helgasonar tónskálds barst safninu á árinu fyrir meðalgöngu menntamálaráðuneytisins.

Ritaskipti og rit alþjóðastofnana

Markaðri stefnu í ritaskiptum hefur verið fylgt eftir. Lögð er áhersla á það að við fáum sjálf að velja rit sem við fáum í skiptum og aðalkostnaðurinn fellur til við bókakaup til þess að endurgjalda slíkar sendingar. Árið 2000 var 354.729 kr. varið til þessara kaupa.

Að því er lýtur að ritum alþjóðastofnana er það helst að nefna að seint á árinu var samið um það að í stað prentaðra rita Sameinuðu þjóðanna verði aðgangur í safninu að United Nations Optical Disk System (ODS) um Netið. Þessi aðgangur verður því opinn frá 1. janúar 2001. Vonir standa til að með þessum hætti geti safnið boðið viðunandi aðgang að efni Sameinuðu þjóðanna en fram til þessa hafa ekki verið úrræði til þess að veita aðgang að nema hluta þess efnis sem borist hefur. Það breytir því þó ekki að þörf er á að geta veitt sérhæfða þjónustu á þessu sviði í safninu. Á árinu fékkst einnig aðgangur um Netið að UN Treaty Collection.

Samskrá um erlend tímarit

Að venju var sent út formlegt bréf til allra samskrársafna einu sinni á árinu þar sem kallað var eftir upplýsingum um leiðréttingar og nýjar færslur. Alls sendu 32 söfn inn nýjar upplýsingar og vann starfsmaður í aðfangadeild að því að færa þær inn í Gegni.

Í lok árs 2000 voru þátttakendur í Samskrá um erlend tímarit 61 talsins. Skrá um þátttökusöfnin með grunnupplýsingum, svo sem réttu heiti, heimilisfangi og símanúmeri, er haldið við. Upplýsingar úr henni eru sendar til NOSP sem birtir þær í prentuðu riti sem út kemur árlega, NOSP adresseliste til nordiske og baltiske bibliotek.

NOSP

Samskrá um erlend tímarit var send til birtingar í NOSP fjórum sinnum á árinu. Í ágúst 2000 var fjöldi tímarita sem upplýsingar voru sendar um til NOSP 11.521, þar af voru færslur án ISSN 1697 talsins.

Á árinu 2000 gerðust Eystrasaltslöndin aðilar að NOSP og heitir skráin nú Nordic/Baltic Union Catalogue of Serials (Nordisk/baltisk samkatalog for periodika). Samningur okkar við NOSP var endurnýjaður 31. október 2000 vegna þessa.

Alþjóðlegt bóknúmer (ISBN)

ISBN-skrifstofan fluttist til skylduskila árið 1999 og 2. febrúar árið 2000 tók Nanna Bjarnaóttir við forstöðu hennar er Þórný Hlynsdóttir hvarf til annarra starfa í safninu.

Starfið á ISBN-skrifstofunni felst m.a. í upplýsingagjöf, úthlutun stakra númera og blokka og eftirliti með notkun/misnotkun bóknúmera hjá þeim sem sjálfir úthluta sínum númeravóta, og væri æskilegt að verja meiri tíma til þess að sinna síðasttalda starfsþættinum en unnt var á árinu. Sama gildir raunar um kynningarstarfsemi. Ennfremur er haldið utan um upplýsingar um starfandi útgefendur og þær sendar til Alþjóðaskrifstofunnar.

Auk daglegra starfa var unnið að því að leiðrétta hlut Íslands í PIID-skránni (Publishers' International ISBN Directory) aftur í tímann. Er þar mikið verk óunnið sem hefur setið á hakanum. Vonir standa til þess að það sækist betur er tölvur starfsmanna hafa verið endurnýjaðar.

Nauðsynlegar breytingar á forlagstölum fyrir Ísland fengust frá Alþjóðaskrifstofunni á árinu en lengi hafði verið skortur á 100-númera röðum. Forlagstölunum 76–79 (4×1000) var breytt í 760–790 (40×100).

Alþjóðlegt tímaritanúmer (ISSN)

Það er aðalskrifstofan fyrir ISSN í París (ISSN International Centre) sem sér um að úthluta ISSN-númerum á tímarit landa þar sem slíkri skrifstofu hefur ekki verið komið á fót. Á árinu 2000 sótti safnið um ISSN-númer fyrir 34 íslensk tímarit.

Í lok ársins varð Ísland formlega aðili að ISSN-alþjóðanetinu og skrifaði landsbókavörður undir endanlegan samning um stofnun ISSN-skrifstofunnar, sem verður í Landsbókasafni, hinn 18. desember. Ráðgert er að starfsemi hennar hefjist að fullu haustið 2001.

Þátttaka í rýnihópum vegna kerfisvals

Starfsfólk aðfangadeildar var í nokkra daga á tímabilinu 6.–14. september meðal þátttakenda í rýnihópi fyrir aðföng og tímaritahald sem fylgdist með kynningum kerfisala fjögurra bókasafnskerfa sem valin höfðu verið í forvali og prófaði því næst aðfangabátt sömu kerfa og gaf umsögn.

Starfaskipti, rannsóknarleyfi

Sumarið 2000 fór Helga Kristín Gunnarsdóttir til starfa við Uppsala universitetsbibliotek í fimm vikur. Á sama tíma kom Ingálill Halvarsson bókavörður í Uppsölum til starfa í Landsbókasafni. Frásagnir þeirra af þessum starfaskiptum er að finna í *NORDINFO-Nytt* 4/2000, s. 33–41 og 42–46; sbr. líka *Húsgang* nr. 15 (júní 2000), s. 2.

Þóri Ragnarssyni var veitt rannsóknarleyfi í tvo mánuði á árinu 2000. Verkefni hans fjallar um framkvæmd skylduskila á Norðurlöndum. Fyrri hluti leyfisins var notaður á árinu, en ætlunin er að nýta seinni hlutann á árinu 2001. Þórir dvaldist í Kaupmannahöfn 1.–30. júlí og vann þá að fyrri áfanga þessa verkefnis.

HANDRITADEILD

Hlutverk

Markmið handritadeildar er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita sem ekki heyra undir lögbundin skylduskil til Þjóðskjalasafns Íslands eða héraðsskjalasafna. Deildin sér til þess að sem tryggilegast sé búið um þennan safnkost og greiðir fyrir notkun hans, m.a. með útgáfu handritaskráa og með því að færa handrit á aðra miðla eftir þörfum. Jafnframt annast deildin kynningu á handritum og þjónustu við safngesti.

Starfsmenn deildar

Stöðugildi eru fjögur. Hafi fastir starfsmenn tekið annað orlof en sumarleyfi, svo sem launalaust leyfi vegna annarra verkefna eða starfa, hefur venjan verið sú að ráða aðra tímabundið í þeirra stað.

Afgreiðsla handrita

Handrit eru lánuð á lestrarsal sem er sameiginlegur með þjóðdeild (aðskilinn með glervegg). Handritadeildarmegin eru 18 lesborð. Um fjölda handritálana sjá Töflu 8. Ef um lokunarkvaðir er að ræða á því efni sem um er beðið, er það aðeins lánað að fengnu samþykki réttra aðila. Prentaðar handritaskrár, sem pantað er eftir, eru á lestrarsal. Er í þeim að finna bæði efnislykla og mannanafnaskrár.

Aðföng

Haldin er aðfangaskrá, bæði yfir afhent eða gefin og keypt handrit. Um fjölda færslna í aðfangabók á ári hverju, sjá Töflu 8.

5. janúar. Hermann Daníelsson frá Tannstöðum í Hrútafirði, síðar Jökulgrunni 15 í Reykjavík, sendi um hendur Guðrúnar Þóröru Þórarinsdóttur þrjú handritaslitur, Söguna af Álfa-Árna, sálma og fleira, en áður hafði átt föstri hans, Jón Brandsson, bóndi á Tannstöðum o.v. – 12. janúar. Gísli Kolbeins prestur afhenti gerðabók Ungmennafélagsins Mána í Hornafirði 1907–34, auk uppkasta að ársskýrslum 1950–52. – 26. janúar. Hallgerður Gísladóttir þjóðháttafræðingur afhenti úr Þjóðminjasafni tölvuútskrift, sem Helga Magnúsdóttir sendi af ferðadagbók föður síns, Magnúsar Magnússonar frá Ólafsfirði, frá Akureyri til Vestmannaeyja árið 1929. – 28. janúar. Sótt til Björns Halldórssonar gullsmíðs handrit föður hans, Halldórs Pálssonar ritstjóra, að Skaðaveðrum (sbr samning frá 24. apríl 1995 og fyrri afhendingar.) – 14. febrúar. Keypt af Valdimar Tómassyni Bandamanna saga í handriti frá 19. öld. – 15. febrúar. Jón Friðriksson starfsmaður Hafrannsóknastofnunar afhenti viðbót við gögn Sigurðar Sigurðssonar skólastjóra Mýrarhúsaskóla, er bárust 29. janúar 1983 og 13. ágúst 1985, dagsetningarbók sendibréfa, sem og viðbót nokkurra bréfa í bréfasafni hans, veitingarbréf fyrir Dannebrogssorðunni og fleira. – 18. febrúar. Kolbrún Andrésdóttir bókavörður afhenti þrjú bréf frá óþekktri stúlku til Guðríðar Þórarinsdóttur á Syðri-Brú í Grímsnesi, síðar í Reykjavík. Með fylgja myndir og greinargerð um viðtakanda. – 21. febrúar. Véný Lúðvíksdóttir kennari afhenti nokkur gögn úr förum föður síns heitins, Lúðvíks Kristjánssonar, er aðallega varða Sigurð Kristófer Pétursson skáld eða fólk honum skylt og tengt. – 24. febrúar. Þór Jakobsson veðurfræðingur afhenti viðbætur við gögn föður síns, séra Jakobs Jónssonar, þar á meðal bréfasafn þeirra hjóna, hans og Þóru Einarsdóttur. – 25. febrúar. Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarfræðingur á Kirkjubæjarklaustri afhenti uppskrift Sigríðar Jónsdóttur, ljósmóður í Vestur-Skaftafellssýslu, úr Ljósmóðurskólanum 1935–36 um ljósmóðurvaktir. – 28. febrúar. Steindór Andersen formaður Kvæðamannafélagsins Íðunnar afhenti Rímur af Haka og Hagbarði, það er fjórar fyrstu rímurnar, eftir séra Hannes Bjarnason á Ríp. eru þær ritaðar á afskurðarpappír og vafðar upp í ströngul. Þær fundust á milli þils og veggja í húsinu Þorgrímsholti (Túngötu 40), þar sem Arthur Bogason formaður félags trillubátæigenda er að koma sér fyrir. – 15. mars. Komu í hús brunnar leifar dagbóka Erlends Magnússonar á Kálfatjörn, að tilhlutan Herðísar, dóttur hans. – 16. mars. Axel Gíslason forstjóri VÍS afhenti fyrir hönd föður síns, Gísla Konráðssonar framkvæmdastjóra á Akureyri, dagbækur og fleiri minniskrif Jóns Jónssonar í Vogum í Mývatnssveit 1844–65. Móðir Gísla var Þórhalla Jónsdóttir, og var sá Jón sonur Voga-Jóns. – 20. mars. Hallur Þorsteinsson blaðamaður afhenti

tvær bækur, aðra með riddara- eða lygisögum, flestum síðortum, en hin er rímnabók. Eru þær ritaðar af Sigríki Eiríkssyni á áratugnum 1880–90, er bjó lengst af á Akranesi. – 21. mars. Kristinn Óskarsson lögregluþjónn afhenti byggingarbréf föður síns, Óskars Arinbjarnarsonar, fyrir Eyri í Gufudalssveit árið 1919, og leyfisbréf móður sinnar, Guðrúnar J. Guðmundsdóttur, fyrir heimagrafreit á bænum árið 1954. Einnig fylgdi skeyti á latínu frá séra Friðrik Friðrikssyni æskulýðsleiðtoga til séra Matthíasar Jochumssonar skálds frá árinu 1920. – 23. mars. Baldvin Tryggvason forstjóri afhenti handrit að leikritinu „Dr. Randolph“ eftir Gunnar Gunnarsson, en það gáfu honum erfingjar skáldsins árið 1976, svo sem nánar er frá greint í meðfylgjandi bréfi. – 24. mars. Guðbjörg Magnúsdóttir frá Krossárbakka í Bitru í Steingrímsfirði afhenti bréf og fleira, sem hún hafði fengið frá langömmu sinni í móðurlegg, Arnfríði Einarssdóttur frá Hvammi í Dölum. – 28. mars. Hjalti Hugason prófessor afhenti fyrir hönd guðfræðistofnunar ræðusöfn þriggja presta, sem henni höfðu borist, þeirra Magnúsar Guðmundssonar í Ólafsvík, Ólafs Stephensen á Lágafelli og í Bjarnanesi og Óskars J. Þorlákssonar dómprófasts. – 29. mars. María Halldórsdóttir afhenti þrjú bréf föður síns, Halldórs Laxness, til móður sinnar Málfríðar Jónsdóttur. – 19. apríl. Sævar Guðjónsson afhenti biódagbók sína, ásamt fleiri gögnum frá árunum 1976–81 og 1993–2000. – 25. apríl. Sævar Guðjónsson, sami og næst á undan, afhenti eins konar gestabók, sem faðir hans, Guðjón Breiðfjörð Jónsson, hélt yfir gestakomur að Vindási í Landsveit frá janúar 1947 til maí 1948, en hann var þá vinnumaður þar. – 28. apríl. Kom póstsending með ýmsum gögnum, sem varða Björn M. Tryggvason (f. 27. janúar 1939 í Heimabæ í Hnífsdal) frá Ytri-Torfustöðum í Torfustaðahreppi. – 29. apríl. Frank G. Nelson prófessor við Hawaii-háskóla sendi uppskriftir Björns Karels Þorólfssonar skjalavarðar að Trójumanna sögu og upphafi Eneasar sögu eftir AM 573 4to, sem hann gerði að beiðni Nelsons árið 1935. Með liggja tvö bréf frá Birni til Nelsons. – 6. maí. Anna Ólafsdóttir Björnsson sagnfræðingur afhenti ýmis einkagögn afa síns, Sveins Björnssonar forseta. – 17. maí. Með bókum Þorsteins Jósefssonar kom handritið „Vorir Timar Standa í Guds Hendi“ eftir séra Jón Arngrímsson á Borg á Mýrum. – 19. maí. Jónína Hafsteinsdóttir í Örnefnastofnun afhenti fyrir hönd Gunnhildar Kristjánsdóttur verslunarmanns persónuleg gögn föður hennar og afa, Kristjáns Helgasonar og Helga Guðmundssonar á Dunkárbakka og Hóli í Hörðudal. – 20. maí. Tryggvi Þorsteinsson læknir afhenti útfararræður föður síns, Þorsteins Jóhannessonar prófasts í Vatnsfirði. – 24. maí. Keypt af Jóni Pálssyni fornboðsala blaðið Sakleysið, ritað í Bolungarvík 1910. – 25. maí. Sýlvía Briem hóf að afhenda gögn föður síns, Helga P. Briem sendiherra. – 5. júní. Hallberg Hallmundsson skáld og þýðandi afhenti bréf frá nokkrum látnum skáldum og rithöfundum, svo sem Guðmundi Böðvarssyni, Guðmundi Steinssyni, Halldóri Stefánssyni, Jóni Dan, Jóni Helgasyni ritstjóra, Jóni úr Vör, Kristjáni frá Djúpalæk, Kristmanni Guðmundssyni, Ólafi Jóhanni Sigurðssyni, Snorra Hjartarsyni og Steinari Sigurjónssyni. – 6. júní. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur afhenti ýmis gögn úr fótum tengdaföður síns, Kjartans Ragnars sendiherra og Ólafíu Þorgrímsdóttur konu hans, einkagögn, þýðingar, bréf og fleira. Með fylgdu einnig gögn er varða foreldra Ólafíu, Þorgrím Sigurðsson skipstjóra og útgerðarmann og Guðrúnu Jónsdóttur. – 8. júní. Ásgeir Pétursson sýslumaður afhenti bréf frá séra Jóni Steingrímssyni til afa síns, Magnúsar Andréssonar á Gilsbskka í Hvítársíðu. – 9. júní. Jón Viðar Jónsson leikhúsfræðingur afhenti gjörðabækur Félags íslenskra leikdomenda 1953–75 og Bókmenntaverðlauna dagblaðanna 1966–73, er verið höfðu í vörslu Ólafs Jónssonar bókmenntagagnrýnanda. – 13. júní. Afhent frumteikning af Púskín, ásamt nokkrum eftirgerðum mynda eftir rússneska málara Arlen Kashkurevich, sem sýndar voru þegar minnst var 50 ára afmælis MÍR, 18. mars síðastliðinn. – 3. júlí. Steingrímur Jónsson bókavörður í Lundi afhenti ýmis gögn langafa síns, séra Jóns Steingrímssonar í Gaulverjabæ, sem og föður síns, Jóns Steingrímssonar verkfræðings. – Einnig afhenti Steingrímur gögn Svanborgar Grímsdóttur, föðursystur Jóns, og fleira efni tengt þeim ættlegg, fyrir hönd Ingvars fiskifræðings og Jónasar bifreiðarstjóra Hallgrímssona, en hún var langamma þeirra. – 5. júlí. Hrafn Sveinbjarnarson afhenti á þriðja tug ljósmynda, sem teknar hafa verið á samkomum Félags íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn 1993–94. – 27. júlí. Sigríður Þorgrímsdóttir sagnfræðingur afhenti biðbót við gögn móður sinnar, Jakobínu Sigurðardóttur rithöfundar. – 28. júlí. Garðar Steinsen og Ásthildur G. Steinsen, kona hans, afhentu dagbækur föður hans, Vilhelms Steinsen bankamanns, frá árunum 1926–81, samtals 24 bækur. Aðilar að afhendingunni eru einnig hinn sonur Vilhelms, Arnar Steinsen, og kona hans, Erna Guðrún Franklín. – 28. júlí. Snorri Helgason afhenti enn nótur sem hann hefur varðveitt frá hendi föður síns, Helga Pálssonar tónskálds. – 2. ágúst. Einar Bragi Sigurðsson skáld afhenti viðbót við bréfasafn sitt. – 2. ágúst. Áslaug Friðriksdóttir skólastjóri afhenti kvæðahandrit með kveðskap Jónatans Jónssonar Skagan, sem hann hafði beðið hana fyrir, sumt með hans hendi en annað vélritað. – 3. ágúst. Gunnar Helgason lögfræðingur afhenti síðustu kassana, sem hjá honum voru og heyrðu til bróður hans, Hallgrími Helgasyni tónskáldi. – 4. ágúst. Haukur Ísfeld kennari afhenti ýmis gögn föður síns, séra Jóns Kr. Ísfeld. – 18. ágúst. Bergljót Stefánsdóttir afhenti ævisögu Magnúsar Þorsteinssonar skósmíðs, sem virðist vanta aftan af, er lent hafði í höndum Stefáns Ögmundssonar prentara, föður hennar. – 21. ágúst. Sólveig Lilja Ólafsdóttir leikskólakennari afhenti gögn til viðbótar löngu komnu efni frá hjónunum Kristni E. Andrésyni og Þóru Vigfúsdóttur, en hún er

dóttir Höllu K. Hallgrímsdóttur, sem var fösturdóttir þeirra. Um er að ræða 24 dagbækur Þóru, er höfðu orðið eftir við fyrri afhendingu. – 22. ágúst. Birna Hugrún Bjarnadóttir kennari afhenti ýmis gögn Sigríðar Jóhannesdóttur frá Skálholtsvík, símastúlku hjá Mjólkursamsölunni. Er Birna tengdadóttir bróður Sigríðar. – 23. ágúst. Auður Kristín Árnadóttir sagnfræðingur afhenti bréf og fleiri skrifleg gögn, sem verið hafa í eigu Ólafar Þórðardóttur, sem átti heima í Reykjavík á fyrri hluta aldarinnar, en bréfin fundust uppi á háalofti á Bjarnarstíg 4. – 30. ágúst. Haraldur Ingþórsson vélvirki afhenti reikningshald föðurföður síns, Haralds Sigurbjarnarsonar, sem rak um árábil verslun með ýmsa varahluti, einkum í bíla í Reykjavík. Nær bókhaldið yfir árin 1926–31 og varðar viðskipti hans bæði utan og innan lands. – 30. ágúst. Bjarki Sveinbjörnsson tónlistarfræðingur afhenti nótnagögn Karls Sigurðssonar leikara, sem jafnframt var einn af stofnendum Mandólin-hljómsveitar Reykjavíkur. Voru þessi gögn í förum ekkju Karls, Önnu Óskar Sigurðardóttur. – 31. ágúst. Sigurður Helgason forstjóri Flugleiða afhenti bréf til sín frá Valdimar Björnssyni forsætisráðherra Manitobafylkis í Kanada. – 1. september. Hannes Þorsteinsson aðalféhirðir afhenti ýmis gögn Hannesar Þorsteinssonar þjóðskjalavarðar, föðurbróður síns. Þar er meðal annars að nefna dagbók frá Kaupmannahafnardvöl 1919–20, skrár um íslenska stúdenta frá ýmsum skólum fyrr á tíð og fleira ættfræðilegt efni af svipuðum toga, sem og kaupendaskrá blaðsins Framsóknar um aldamót. – 7. september. Rannver Hannesson forvörður afhenti fáein ræðubrot og bréflitir og fleira, sem sennilega er leifar gagna er hafa heyrtil séra Bjarna Hjaltsteð. Fannst þetta í húsi, sem verið var að rífa, en þar var flest ónýtt. – 8. september. Komu úr þjóðdeild arkir af hálfprentaðri bók, sem aldrei kom út. Hefur Oddur Björnsson, prentsmiðjustjóri á Akureyri, sent Landsbókasafni þessar arkir 26. janúar 1933 með þeim upplýsingum að höfundurinn, Alfred Bachmann, sænskur herlæknir, hafi dáið frá þessu verki sínu mörgum árum áður. – 8. september. Guðbjörg Andrésdóttir, vistmaður á Silfurtúni í Búðardal, sendi póesiubók sína, sem eigimaður hennar, Jónas Jóhannsson, hefur einnig notað fyrir vísnauppskriftir sínar. (Sjá 13. september 1995, en þessi bók hefur verið sameinuð aðföngum undir þeirri dagsetningu). – 8. september. Einar Gunnar Pétursson handritafræðingur afhenti í samráði við Jóhannes Nordal seðlabankastjóra þýðingu Vilhjálmss T. Bjarnar, deildarstjóra í Ithaca-bókasafninu í New York í Bandaríkjunum, með athugasemdum og drögum að formála, eins og lýst er í meðfylgjandi bréfi. – 13. september. Komu í hús dagbækur Geirs Sigurðssonar frá Dölum í Hjaltastaðarþinghá frá 1924–26, en þær höfðu fundist í auðu húsi á Írafelli í Kjós, þar sem hann bjó síðast. – 14. september. Svala Nielsen söngkona afhenti sönglaganótur, sumar áritaðar frá höfundum, sem henni höfðu verið gefnar, ýmist í tilefni af flutningi í útvarp eða á tónleikum. Höfundar eru: Elsa Sigfúss, Jóhann Ó. Haraldsson, Karl O. Runólfsson og Ragnar H. Ragnar. – 14. september. Oddur Helgason ættfræðingur afhenti tvö ættfræðikver, Jóns Guðmundssonar á Setbergi við Hafnarfjörð og Sæmundar Jónssonar á Írafelli Kjós. – 20. september. Friðrik Þórðarson dósent í Oslo hefur í sumar sent þrennt óprentað eftir sig, „Vormannafagnað...“, „Bilingual Contracts between the Ossetes and their Nakh-speaking Neighbours“ og þýðingu á smásögu eftir georgískan höfund, Miheil Dsjavahísjvílí. – 21. september. Magnar Gröndal tónskáld sendi nótur að lögum sem hann hefur samið við texta íslenskra skálda er Ivar Orgland sendikennari hefur þýtt á norsku. – 27. september. Helena Kadecková prófessor við Pragháskóla afhenti eigin bréf frá Þórbergi Þórðarsyni rithöfund og Margrétu Jónsdóttur. (Ath. Fyrri afhendingar hennar eru færðar til þessarar dagsetningar og eru í einu og sama umslaginu.) – 28. september. Sveinn Skorri Höskuldsson prófessor afhenti ritgerð eftir Stig Toftgaard Andresen, „Længsel efter en anden verden, et hovedtema i Halldór Laxness's romaner – med særligt henblik på „Salka Valka“ og „Frie mænd“ / „Ásta Sóllilja“.“ Hafði Svavar Sigmundsson forstöðumaður Örnefnastofnunar haft milligöngum um athugun á útgáfu, samanber meðfylgjandi bréf, dagsett 6. apríl 1979. – 29. september. Tryggvi Línal félagsfræðingur afhenti geisladisk með hluta af skáldverkum sínum. – 29. september. Bergur Felixson kennari og framkvæmdastjóri dagvistar barna afhenti fyrir sína hönd og systur sinnar, Þórunnar, æskuminningar föður þeirra, Felix Guðmundssonar frá Ægissíðu í Holtum framkvæmdastjóra kirkjugarða Reykjavíkur. – 2. október. Halldór Einarsson ljósmyndari og básúnuleikari, sem jafnframt var formaður Lúðrasveitar Reykjavíkur, afhenti fundargjörða- og kassabækur Lúðrasveitar Reykjavíkur, sem stofnuð var upp úr Hörpu og Gígju 1922. Fremst í fyrstu gjörðabók L.R. er ágríp af sögu Lúðrafélagsins Hörpu, sem ekki hélt gjörðabók, en auk þess fylgir kassabók félagsins. Þá er einnig afhent fundargjörðabók Gígju. Auk þessara bóka fylgja fjórar stílabækur tengdar L.R. Þrjár eru með hendi Jóns Eyjólfssonar, starfsmanns Þjóðleikhússins, og eru eins konar minnispointar hans, en hin fjórða er upphaf að ferðalýsingu eftir Tryggve Thorstensen prentara. – Eru þetta samtals 11 bækur. – Halldór afhenti einnig nótnaútsetningu Alberts Klahn á valse eftir Waldteufel fyrir Lúðrasveit Reykjavíkur, sem hann stjórnaði á árábilinu 1936–50. – 3. október. Halldór Einarsson ljósmyndari afhenti handrit Magnúsar Ólafssonar ljósmyndara að bók hans, Stafróf ljósmyndafræðinnar. – Með liggur skrá yfir skautahlaup Skautafélags Reykjavíkur 1910 og einkabréf. – 9. október. Helga Ögmundardóttir mannfræðingur færði deildinni frá sendiherra hjónunum í Kanada, Svavari Gestssyni og Guðrúnu Ágústsdóttur, bréf sem Valtýr Guðmundsson alþingismaður ritaði hálf systur sinni,

Guðrúnu Símonardóttur Skaptason, en dóttir hennar, Jóhanna Guðrún Wilson, hafði beðið þau að koma bréfinu hingað heim. – 10. október. Ólafur Oddsson menntaskólakennari afhenti handrit Snorra Hjartarsonar að fyrstu ljóðabók hans, Kvæðum. Hafði föðursystir hans, Þrúður Ólafsdóttir varðveitt það hin síðari ár, en áður er hugsanlegt að þau hafi átt Guðrún, systir hennar, en báðar voru þær í góðu vinfengi við Snorra. – 12. október. Guðrún A. Kristjánsdóttir á Akureyri afhenti þrjú bréf til föður síns, Kristjáns Eggertssonar kennara og oddvita í Grímsey frá Kristjáni Eldjárn og fleirum. – 18. október. Guðsteinn Þengilsson læknir afhenti vélrit með ýmsu efni uppúr dagbókum Jóns Borgfirðings á árabílinu 1860–89. – 19. október. Helga Eysteinsdóttir formaður Blindravinafélagsins afhenti ýmis handrit, bæði sagna- og kveðskaparhandrit og leikritauppskriftir, auk vísnaðs á sneplum, sem voru í eigu Tómasar Jónssonar pípulagningameistara, en hann var barnlaus og hafði arfleitt Blindravinafélagið að eignum sínum. Tómas var kvæntur Friðu Bjarnhéðinsdóttur Jónssonar, járnsmiðs hér í Reykjavík, og virðast flest handritin runnin frá Bjarnhéðni eða úr hennar fjölskyldu. – 24. október. Petrína Rós Karlsdóttir, dóttir Ólafar Hraunfjörð Pétursdóttur, afhenti fyrir hönd móður sinnar og bróður hennar, Péturs Hraunfjörð, tvö bréf til hans og fleira efni. (Sett með öðru efni frá fjölskyldunni 17. október 1995.) – 25. október. Gunnar Ingimundarson landfræðingur, starfsmaður Bókmenntafélagsins, afhenti öskjur með efni sem tengt er útgáfu Íslenskra æviskráa og þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar. – 26. október. Hallgerður Gísladóttir þjóðfræðingur afhenti ýmis gögn, þó aðallega bréf, hjónanna Guðjóns Júlíussonar leigubifreiðarstjóra og Mörtu Guðbrandsdóttur, konu hans. Marta var frá Loftstöllum í Mýrdal, og eru langflest bréfin til hennar. – 26. október. Gísli Kolbeins prestur afhenti útfararræður sínar frá árabílinu 1936–94. – 27. október. Gísli Kolbeins prestur afhenti fyrir hönd Sam Thorkelson í Edmonton í Kanada tvö bréf frá Agli og Guðmundi Jónssonum í Flekkuvík á Vatnsleysuströnd til bróður síns, Jóns Jónssonar á Fagranesi í Geysisbyggð. – 30. október. Gunnar Sigmarsson á Vopnafirði sendi gögn Sigurjóns Jónssonar trésmiðs, er varða sögu Vopnafjarðar. – 31. október. Gísli Kolbeins prestur afhenti fundargerðabækur Félags fyrrverandi sóknarpresta 1984–94. – 31. október. Hörður Ágústsson listmálari og fræðimaður afhenti átta möppur af bréfasafni sínu, það er frá 1968–95. – 1. nóvember. Þuríður J. Kristjánsdóttir lektor afhenti fyrir hönd Ásdísar Jóhannesdóttur sendibréf, sem Sigríður Einarisdóttir frá Munaðarnesi ritaði foreldrum hennar, Áslaugu Snorrardóttur frá Laxfossi í Stafholtstungum og Jóhannesi Jónssyni frá Efranesi í sömu sveit, þar sem þau bjuggu síðar. – 11. nóvember. Svava Jakobsdóttir skáldkona afhenti handrit að flestum skáldverka sinna, svo sem Leigjandanum og Gunnlaðar sögu, en einnig smásögum og leikritum. – 13. nóvember. Áslaug Agnarsdóttir bókavörður afhenti fyrir hönd fjölskyldunnar æviminningarrit Jóns Borgfirðings, langafa síns, um Sigurð Breiðfjörð frá 1878 með viðbótum, og bók með þremur síðsömdum sögum með hendi Sighvats Borgfirðings. – 14. nóvember. Bjarki Sveinbjörnsson tónlistarfræðingur afhenti bréf Sigfúsar Einarssonar tónskálds og Valborg Hellemann, konu hans, til dóttur þeirra Elsu, söngkonu í Kaupmannahöfn. Með fylgir hver með hendi Sigfúsar með nótum að fjórum erlendum lögum. – 14. nóvember. Bjarki Sveinbjörnsson tónlistarfræðingur afhenti nótur Árna Beinteins Gíslasonar tónskálds. Hafði systir hans, Fanney Schulasen, gefið þær Kristínu Guðmundsdóttur í Garðastræti 4. – 17. nóvember. Halldóra Ingvadóttir framkvæmdastjóri, kona Ólafs Oddssonar menntaskólakennara, afhenti í veikindum manns síns bréfasöfn úr ætt hans. – 23. nóvember. Snorri Helgason afhenti tölvuútskrift að öllum lögum föður síns, Helga Pálssonar tónskálds. – 24. nóvember. Valgerður Sigfúsdóttir Johnsen sagnfræðinemi afhenti gögn afa síns, Baldurs Johnsen læknis. – 27. nóvember. Sigríður Sigurðardóttir sagnfræðingur afhenti fjórar bækur, sem tengjast lífsstarfi Sveins Björnssonar forseta. Eru þrjár þeirra reikningabækur, m.a. varðandi Nýja bíó um 1913 og ein bréfabók, það er copíubók 1910–13. – 27. nóvember. Vilborg Guðmundsdóttir, sonardóttir Gísla Sighvatssonar Borgfirðings, þ.e. af þeim legg sem bjó á Höfða í Dýrafirði, afhenti handrit ættuð frá langafa hennar, rímnabók, rímnakver og minnisbók, merkt Hallgrími Gíslasyni. – 29. nóvember. Komu úr þjóðdeild þrjár leikritapýðingar, sem notaðar voru í Menntaskólanum í Reykjavík á árunum 1922–27, úr safni Lárusar Sigurbjörnssonar borgarminjavarðar. – 4. desember. Einar Vilhjálmsson yfirtollvörður afhenti gögn, að mestu minningaskrif frá ferðalögum, Elísabetar Baldvinsdóttur, kaupkonu og kennara á Seyðisfirði. – 5. desember. Bjarney Kristín Ólafsdóttir sjúkraliði afhenti ýmis gögn úr ætt sinni frá Vestfjörðum: Niðjatal Bjarneyjar Sólveigar Guðmundsdóttur og Líkafróns Sigurgarðssonar á Ísafirði með leiðréttingum og dagbók Guðmundar Hrafnfjörð Guðmundssonar vélstjóra, bróður Bjarneyjar eldri, sem og æviágrip Hjálmars Jónssonar, bónda í Smiðjuvík, uppeldisföður og móðurbróður Guðmundar. – 5. desember. Komu úr bókagjöf Þorvarðar Magnússonar, verslunarstjóra í Bókabúð KRON, pýðing hans á barnabókinni „Alfapjóðir“, sem virðist ekki hafa komið út. – 6. desember. Guðmundur Helgason rafmagnstækni-fræðingur afhenti tvö kvæði sem Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti gaf fornvini sínum og föður hans, Helga Guðmundssyni bankastjóra. – 8. desember. Helga Guðrún Jónasdóttir afhenti bréf frá Þorsteini Erlingssyni til Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum. Steindór Steindórsson frá Hlöðum hafði gefið móður hennar, Ásthildi Erlingsdóttur Þorsteinssonar bréfin. Komu þau út á þessu ári. – 11. desember. Frank Ponzi afhenti fyrir hönd Brynhildur Bjarnadóttir á Húsavík bréf, sem Gunnlaugur Oddsson, sem fór til

Vesturheims, skrifaði albróður sínum, Snorra í Geitafelli í Reykjaví, S.-Þing. og syni hans, Gunnlaugi. Var bréfitari langafabráðir gefanda. – 14. desember. Baldvin Tryggvason sparisjóðsstjóri afhenti fundargerðabók Hljómsveitar Reykjavíkur 1925–32 og ýmis gögn síðari arftaka við tónlistarhald, Tónlistarfélags Reykjavíkur, Tónlistarfélagsskórsins og Landssambands blandaðra kóra, þar með talið reikningshald, á árabílinu 1932–95. – 15. desember. Þór Magnússon þjóðminjavörður afhenti fyrir hönd konu sinnar, Maríu V. Heiðdal, bréf frá Johanne Louise Bernhöft, til Valtýs Guðmundssonar prófessors og alþingismanns. Var Johanne kona Vilhelm Bernhöft bakara. Dóttir Bernhöfthjónanna var Johanne Hansen, gift Ludvig Hansen kaupmanni, sem var ömmusystir Maríu. Eitt bréfanna er frá Edvard Bernhöft, syni Johanne. – 18. desember. Eiríkur Eiríksson frá Dagverðargerði afhenti dagbækur systur sinnar, Málmfríðar, sem bjó alla tíð í Dagverðargerði. – 21. desember. Þór Jakobsson veðurfræðingur afhenti útgáfugögn að Long-ætt fyrir hönd „Félags niðja Richards Long“. – 28. desember. Haukur Ísfeld kennari afhenti ýmis gögn föður síns, séra Jóns Kr. Ísfeld. (Sjá einnig 4. ágúst.) – 29. desember. Komin eru í hús öll gögn úr dánarbúi Gunnars Sveinssonar skjalavarðar, sem og það sem hann varðveitti eftir foreldra sína, einkum séra Svein Víking, föður sinn.

Kassi Erlends í Unuhúsi opnaður

Innsiglaður kassi með gögnum Erlends Guðmundssonar í Unuhúsi var opnaður að morgni laugardagsins 29. janúar að viðstöddu fjölmenni, en hann hafði verið innsiglaður fram til þess tíma.

SKRÁNINGARDEILD

Hlutverk

Meginhlutverk deildarinnar er að annast efnisgreiningu (efnisflokkun/efnislyklun) og bókfræðilega skráningu gagna skv. þar til gerðum aðþjóðlegum og íslenskum stöðlum og gera þessar upplýsingar aðgengilegar notendum. Í deildinni eru í þessu skyni byggð upp gagnasöfnin í *Gegni* (safnkostur safnsins og samskrá), *Greini* (greiniskráning efnis í tímaritum) og *Gelmi* (handritaskrá). Haldið er uppi samvinnu við önnur söfn sem taka þátt í þessari uppbyggingu að einhverju leyti, svo sem önnur aðildarsöfn Gagnis og samskrársöfn. Öll greining og skráning miðar jafnframt að því að unnt sé að draga margvíslegar gerðir skráa út úr kerfunum til útgáfu á því formi sem óskað er eða til annarra nota innan safns og utan.

Almennt yfirlit

Staðlaðar starfslýsingar voru unnar í samráði við starfsmenn deildarinnar snemma árs 1997 og hafa þær verið endurskoðaðar eftir þörfum síðan og tekin saman sérstök verkefnaskrá, sem endurskoðuð er árlega og tekur m.a. mið af mannafla. Sú venja hefur skapast að forstöðumaður deildar kallar í byrjun hvers árs eftir yfirliti frá hverjum starfsmanni um verkefni næstliðins árs. Þetta auðveldar úttekt á starfseminni í heild og getur haft forsagnargildi um hvort og þá í hvaða átt þarf að breyta áherslum. Forstöðumaður deildarinnar átti einstaklingsbundin starfsmannasamtöl við alla starfsmenn deildarinnar á tímabilinu ágúst til október.

Starfshandbók skráningardeildar sem dreift var sem lausblaðamöppu til starfsmanna deildarinnar skömmu eftir opnun safnsins í desember 1994 hefur ekki verið endurskoðuð í heild, en gögn í henni hafa verið endurnýjuð síðan eftir því sem tilefni hefur verið til og öðrum gögnum og upplýsingum bætt við jafnóðum, svo sem reglum og ákvörðunum sem varða efnisgreiningu, bókfræðigreiningu og skráningu og ýmsu fleira.

Efnisgreining, efnisorðaskrár, flokkunarkerfi

Safnkosturinn er flokkaður samkvæmt Dewey Decimal Classification (DDC). Meginreglan sem farið er eftir er sú að safnkostur allra deilda er flokkaður eftir nýjustu

heildarútgáfu kerfisins, en lengd flokkstölu í útgefnum bókfræðiritum, svo sem *Íslenskri bókaskrá*, miðast við íslenska útgáfu flokkunarkerfisins sem byggir aftur á styttri útgáfu DDC. Í *Greini*, greinasafnskerfi fyrir tímaritsgreinar, var ákveðið að gefa tveggja stafa flokkunarkóta um leið og greinar væru efnislyklaðar, þ.e. nota fyrstu tvo stafi flokkstölu, en því miður hefur reyndin orðið sú, að sjaldnast hefur unnist tími til að lykla íslenskar tímaritsgreinar til fulls um leið og þær eru skráðar, heldur hefur fínlyklunin að mestu verið unnin eftir á. Þar sem lyklun eykur mjög leitarheimtur ber í framtíðinni að leggja aukna áherslu á að þessum þætti sé sinnt jafnóðum og efnið er skráð.

Endurflokkun hljóðrita stóð enn yfir við árslok 2000. Sú ákvörðun að endurflokka almennt ekki efni utan sjálfbeina á þessum tíma var tekin með það í huga að hægja ekki á öðrum brýnum forgangsverkefnum. Þessi tvískinnungur í endurflokkun hefur hins vegar þá hættu í för með sér að þeir sem koma auga á misræmi taka sig stundum til og breyta flokkstöllum rita sem fint eru flokkuð og stytta þær til samræmis við eldri hefð, en mikil vinna getur þá farið í það hjá þeim sem annast flokkunina að leita aftur uppi ritin og færa þetta til réttis vegar.

Áfram var unnið að efnislyklun íslenskra rita og *Efnisorðaskrá Gegnis* þokaði nokkuð áfram. Eftir því sem fleiri áfangasigrar vinnast þeim mun markvissari leitir er unnt að gera í gagnaskránum og auka með því leitarheimturnar. Ekki var mannaflí til að sinna öllum verkefnum af fullum krafti meðan afturvirk efnislyklun stóð sem hæst. Meðal þess sem liðið hefur fyrir þetta er skráning tímaritsgreina í *Greini*. Hugbúnaðurinn MultiTes sem safnið eignaðist á árinu 1999 var notaður við efnisorðaskrángerðina. LCSH, efnisorðaskrá Library of Congress, hefur verið notuð til hliðsjónar við efnisorðavinnuna ásamt fjölmörgum erlendum efnisorðaskráum á sersviðum. Tekið var upp nýtt heiti fyrir Efnisorðaskrá Gegnis, og er heildarheiti skrárinnar og yfirheiti hverrar sérefnisorðaskrár nú *KERFILL – Efnisorðaskrá*, en í undirheiti hverrar einstakrar skrár kemur fram til hvaða efnissviðs hún tekur. Skrárnar byggja á reglum sem settar eru fram í ÍST 90.

Unnið var áfram að undirbúningi nýrrar útgáfu á styttri gerð DDC, *Flokkunarkerfis Deweys*. Menntamálaráðuneyti tilkynnti 19. janúar um 300 þús. kr. styrk til verkefnisins af fé því sem veitt er til eflingar upplýsingartækni í almenningubókasöfnum, sbr. lög nr. 36/1997.

Í árslok 2000 var enn fyrir höndum mikið samræmingarstarf og vinna við efnislykliritsins.

Skráning og viðhald nafnmyndaskrár

Vinna við samtímaskráningu nýrra aðfanga íslenskra og erlendra rita og afturvirka skráningu íslensks efnis hafði áfram forgang sem fyrr. Í safninu var frá upphafi fylgt þeirri reglu að gera í aðfangsdeild aðfangafærslur fyrir keypt rit. Í skráningardeild er svo gengið frá samræmingu nafnmynda um leið og aðfangafærsla er orðin til og pöntun hefur verið send. Viðhald nafnmyndaskráa er tímafrekt og þyrfti að sinna betur, en áherslan hefur fyrst og fremst þurft að vera á því að koma ritum í gegn og fara yfir nafnmyndir sem tengjast nýkomnum ritum. Mikið vantar hins vegar á stöðuga yfirferð yfir nafnmyndaskrárnar í heild, en síðasta heildaryfirferð hófst nokkrum árum fyrir sameiningu safnanna í Þjóðarbókhöfðu og lauk á árinu 1995. Rit sem komu gegnum skylduskil, ritaskipti eða bárust sem gjafir á þessu tímabili hafa ekki fengið aðfangafærslur í kerfinu og frumskráning þeirra hefur því farið fram. Ætlunin er að öll rit verði aðfangaskráð í bókasafnskerfið í nánustu framtíð. Færslur fyrir erlend rit voru sem fyrr að stórum hluta sóttar í erlenda gagnabanka. Gengið var frá nýju efni til varðveislu og notkunar jafnóðum og það barst.

Afturvirkri skráningu þjóðdeildarefnis í Gegni miðaði nokkuð áfram, m.a. hljóð-ritaskráningu. Þá var áfram nokkuð unnið að greiniskráningu efnis í íslenskum safnritum, fyrst og fremst efnis í ævisögulegum safnritum og bókmenntasöfnum. Skráning kennslubókasafns þjóðdeildar var í biðstöðu allt árið. Mikil vinna var hins vegar lögð í skráningu ýmissa bókaagjafa og einkasafna er bærust safninu, svo sem safns Þorvarðar Magnússonar og safns Torfa Hjartarsonar, ennfremur var skráð safn Þorsteins Jóseppssonar, en talsvert af því var sett í sérstakan forgang vegna bókminja-safns í Þjóðmenningarhúsi við Hverfisgötu sem opnað var á árinu. Samtímis öðru var áfram unnið að skráningu sérsafna þjóðdeildar. Meðal annars var haldið áfram skráningu á safni Jóns Steffensen og Kortasafni, lokið við skráningu á safni Davíðs Björnssonar, safni Einars Benediktssonar og Sænska safninu. Í tengslum við flutning á erlendu fágæti og sundurliðun þess eftir aldri var staðsetningarkótum breytt til samræmis. Hluti af þessu efni var vistaður í þjóðdeild vegna sérstakra varðveislusjónar-miða.

Alþjóðleg skrá um þýðingar, *Index translationum*, er árlega gefin út á vegum Unesco. Á síðustu árum hefur hún verið gefin út á geisladiski og voru bókfræðilegar upplýsingar um nýjar þýðingar erlendra rita á íslensku sendar Unesco í tölvutæku skráningarsniði eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Samvinna við aðildarsöfn Gegnis

Aðildarsöfn Gegnis byggja sameiginlega upp *Samskrá Gegnis* og fer hlutur hvers og eins eftir safnkostinum í hverju safni, magni hans og efnisáherslum. Eigandi kerfisins og rekstraraðili, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, hefur um árabíl veitt fjölmörgum söfnum sem ekki eiga beina aðild að kerfinu samskráningarpjónustu, þ.e. tekið að sér að skrá valinn safnkost þátttökusafna í kerfið, ýmist gegn gjaldi (afturvirk skráning) eða söfnunum að kostnaðarlausu (ný aðföng). Samskráning fyrir önnur söfn nálgast 40 þús. bindi í árslok 2000 og er þá meðtalin samskráning erlendra tímarita.

Ársfundur skráningardeildar og fulltrúa aðildarsafna á sviði skráningar og efnisgreiningar var haldinn snemma árs að venju og í framhaldi af honum var haldinn þrengri samráðsfundur um skráningu tímaritsgreina. Samskipti safnanna fóru að öðru leyti sem fyrr mest fram gegnum póstlistann sem kallast vanda@bok.hi.is.

Skrásetjarar sem hófu störf hjá aðildarsöfnum á árinu komu sem fyrr í vettvangsþjálfun í skráningardeild og fengu þar leiðbeiningar og reynslu af skráningu í Gegni undir leiðsögn sérfræðings. Nokkrir starfsmenn deildarinnar tóku að sér stundakennslu í bókasafns- og upplýsingafræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, m.a. í skráningu, flokkun og lyklun, og aðrir kenndu á námskeiðinu Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Hlutverk, starfsemi og þjónusta (10.01.08.996), sem haldið var í janúar.

Skoðun skráningarþáttar bókasafnskerfa og samskrárlausna hinna einstöku kerfa fór fram í september og tóku nokkrir sérfræðingar deildarinnar þátt í því starfi ásamt fulltrúum annarra safna á sömu sviðum. Farið var yfir einstök atriði og heildargetu kerfanna á þessum sviðum samkvæmt viðmiðunarlistum sem þessir aðilar höfðu áður tekið saman í samvinnu við kerfisvalsnefnd og var gefið fyrir einstök atriði og skilað til kerfisvalsnefndar. Kerfið Aleph kom best út úr skráningarþættinum, en önnur kerfi til skoðunar voru Horizon, Unicorn.

UPPLÝSINGADEILD

Hlutverk

Upplýsingadeild rekur upplýsingaþjónustu og hefur umsjón með aðalhandbókasvæði safnsins á 2. hæð. Hún annast notendafræðslu við háskólasamfélagið og aðra safngesti, ritstýrir vefsíðum safnsins og ber að sjá til þess að notendur hafi sem greiðastan aðgang að prentuðum og rafrænum upplýsingum. Rekstur tón- og mynddeildar á 4. hæð er einnig á vegum deildarinnar.

Upplýsingaþjónusta

Afgreiðsla upplýsingaþjónustu safnsins á 2. hæð var á vormisseri opin 55 stundir á viku af þeim 80 stundum sem safnið var opið. Á haustmisseri var afgreiðslutíminn 43 klst. á viku, þ.e. tæpar níu klst. á virkum dögum, og þjónusta var ekki veitt um helgar. Afgreiðslan var því opin mánudaga til föstudaga kl. 8:15-17:00.

Einn starfsmaður sinnir almennt þjónustu og afgreiðslu fyrirspurna fyrir hluta dags en tveir eftir hádegi. Umsvif þjónustunnar er metin fyrstu viku hvers mánaðar, og eru fyrirspurnir á staðnum og í síma að meðaltali um 60 á dag yfir vetrarmánuðina. Með auknum aðgangi notenda að rafrænum gögnum hefur einstaklingsbundin kennsla og tilsögn varðandi val og notkun gagnasafna orðið ríkari þáttur í daglegum störfum starfsmanna deildarinnar.

Upplýsingaþjónustan tekur einnig á móti öllum fyrirspurnum sem berast á netfang safnsins. Af 676 (446) bréfum sem bárust svöruðu starfsmenn deildarinnar 324 (276) fyrirspurnum en 352 (170) bréf voru send áfram til þeirra sem málið varðaði, flest til starfsmanna innanhúss. Auk þess voru um 140 (285) aðrar tímafrekar fyrirspurnir afgreiddar. Tölvuleitir voru um 50 (70). Samtals voru afgeidd 866 (795) bréf og fyrirspurnir auk daglegrar þjónustu við upplýsingaborð.

Handbókarými

Á handbókarými á 2. hæð eru um 16 þús. bindi handbóka, lestraraðstaða fyrir um 20 manns við tveggja til fjögurra manna borð, sex skjáir með aðgangi að Gegni og Greini og tíu tölvur sem veita aðgang að Netinu, Feng og ýmsum gagnasöfnum á geisladiskum. Fyrri hluta ársins voru sex af tíu tölvum á handbókarými endurnýjaðar eins og aðrar notendatölvur safnsins. Með nýjum tölvubúnaði reyndist unnt að hafa nettengda geisladiska aðgengilega í öllum notendatölvum safnsins.

Á árinu 1999 var hafist handa um að endurskoða handbókakostinn með því að bera hillulista saman við ritakost. Þetta verkefni reyndist tímafrekara en áætlað hafði verið, en yfirferð og leiðréttingum í Gegni lauk í júní 2000. Síðan hefur verið unnið að því að endurnýja ritakostinn og grisja.

Aðgangur að rafrænum gögnum

Í árslok 1999 gerði safnið í samvinnu við nokkur önnur bókasöfn í landinu samninga um sameiginlegan aðgang um Netið að gagnasöfnum frá eftirtöldum fyrirtækjum: *Cambridge Scientific Abstracts (CSA)*, *Engineering Information (EI)* og *OVID*. Hjá CSA er aðgangur að rúmlega 30 gagnasöfnum á ýmsum sviðum raunvísinda, verkfræði og samfélagsfræða. EI veitir aðgang að upplýsingakerfinu *Engineering Village* og *Compendex*, verkfræði og skyldar greinar og í OVID eru einkum gagnasöfn á heilbrigðissviðinu og varðandi félagslega þjónustu. Ennfremur tók safnið áskriftir um Netið að sex öðrum gagnasöfnum sem áður höfðu verið til á geisladiskum. Með þessum samningum fengu notendur á háskólanetinu ótakmarkaðan aðgang að rúmlega

60 gagnasöfnum á flestum fræðasviðum sem þeir höfðu ekki haft aðgang að fyrr. Á miðju árinu gerði Verkefnisstjórn á vegum menntamálaráðuneytis samning um landsaðgang að 19 gagnasöfnum *ProQuest* kerfisins, *LION – Literature online* og *LION for Schools*, en í þeim eru jafnframt heildartextar allmargra rita sem vísað er í. Safnið hafði áður haft forgöngu um sameiginlega áskrift nokkurra bókasafna á háskólastigi á *ABI/Inform* frá *ProQuest*.

Í ágústlok voru upplýsingar um þessi gagnasöfn ásamt beinum tengingum við þau og allmörg önnur, sem öllum eru opin á Netinu, settar á vef safnsins. Samtals voru þetta um 130 gagnasöfn á öllum fræðasviðum sett fram eftir þremur aðgangsleiðum, þ.e. í stafrófsröð eftir titlum, eftir efnisflokkum og loks eftir einstökum fræðasviðum.

Tölvuleitir

Heimildaleitum í gagnasöfnum upplýsingamiðstöðva, sem ekki eru opnar almenningi, fer fækkandi eftir því sem aðgangur að áskriftum á Netinu eykst. Á árinu voru gerðar um 50 (70) tölvuleitir, einkum í *SciSearch* frá *Institute for Scientific Information (ISI)*. Í árslok samdi Verkefnisstjórn um landsaðgang að *Web of Science* sem er vefútgáfa að gagnasöfnum *ISI*, og geta viðskiptavinir því nú leitað sjálfir. Starfsmenn upplýsingadeildar annast eftir sem áður tölvuleitir í *Dialog* og fleiri kerfum fyrir þá sem þess óska, og greiða viðskiptavinir útlagðan kostnað safnsins.

Vefur safnsins

Upplýsingadeild var falin umsjón með vefsíðum safnsins í apríl, en útlitshönnun var þá lokið. Ritstjórnin hélt tíu fundi á árinu, flesta eftir sumarleyfi, en Ingibjörg Árnadóttir, aðstoðarmaður forstöðumanns, er ritstjóri vefsins. Í október var haldið námskeið um vefsíðugerð í *html* og forritinu *Dreamweaver* fyrir þá starfsmenn safnsins sem munu hafa umsjón með einstökum vefsíðum. Fram að þeim tíma höfðu starfsmenn töluvurekstrar séð um að setja efni á vefinn. Ný útgáfa forritsins *Dreamweaver* kom í hús í desember, og var þá jafnframt von á öflugri tölvum fyrir starfsmenn til þess að unnt væri að nota forritið. Heildarskipulag vefjarins var vel á veg komið í árslok.

Notendafræðsla

Safnfræðsla er stór þáttur í starfsemi deildarinnar. Hún felst einkum í frumkynningum á safninu, framhaldsfræðslu s.s. kennslu í heimildaleit og notkun rafrænna gagna, svo og gerð margvíslegra kynningarbæklinga. Markmið safnfræðslunnar er að gera notendur sjálfstæða við upplýsingaöflun, kynna gögn sem safnið veitir aðgang að og stuðla að betri nýtingu safngagna. Safnkynningar náðu á árinu til 1.910 (1920) gesta í 68 (66) hópum.

Bæklingar

Bæklingar, leiðbeiningarit og annað kynningarefni er veigamikill þáttur í fræðslustarfinu og stuðlar að sjálfstæði safnnotenda. Sem dæmi um bæklinga sem nú eru í boði eru ýmsar leiðbeiningar við heimildaleit, bæklingar um safnkost sem varðar um 30 af þeim 60 námsbrautum sem kenndar eru við Háskóla Íslands, um tímarit þessara greina og upplýsingar um gagnlegar upplýsingaveitur á Netinu. Á árinu voru gefnir út 12 (14) nýir bæklingar á vegum upplýsingadeildar, 33 (31) voru endurnýjaðir að talsverðu leyti og nokkrir endurprentaðir án breytinga. Hér fyrir neðan er listi yfir nýja bæklinga frá upplýsingadeild fyrir árið 2000. Í skýrslu fyrir árin 1994–99 má finna lista yfir eldri bæklinga.

Internet – Cambridge Scientific Abstracts. Janúar 2000.
 Internet – fyrir kennara í félagsvísindadeild. Janúar 2000.
 Internet – nokkur vefföng tengd bókmenntum. Janúar 2000.
 Rafræn gagnasöfn – á CD-ROM geisladiskum. Febrúar 2000.
 Internet – nokkur vefföng í sjúkraþjálfun. Febrúar 2000.
 Tímarit í sjúkraþjálfun. Febrúar 2000.
 Rafræn gagnasöfn – áskriftir á Netinu og á CD-ROM geisladiskum. Mars 2000.
 Internet – nokkur vefföng í félagsráðgjöf. Maí 2000.
 Rafræn gagnasöfn – aðgangur að erlendum gagnasöfnum á vefnum. Júní 2000.
 Nokkur orð um umgengni. Október 2000.
 Rafræn gagnasöfn – Cambridge Scientific Abstracts. Nóvember 2000.

Starfsmenn

Á fyrri hluta ársins var starfsheiti deildarstjóra handbókarýmis breytt, og er hann nú aðstoðarmaður forstöðumanns. Aðrar breytingar á árinu voru þær að Vala Nönn Gautsdóttir hvarf til annarra starfa að loknu barnsburðarleyfi. Einar Örn Lárusson, sem ráðinn hafði verið til þess að leysa hana af, var í september endurráðinn í hálfa stöðu hennar. Bryndís Ísaksdóttir var skömmu síðar ráðin í fullt starf í deildinni í stað 40% áður og er nú verkefnisstjóri notendafræðslu. Auk forstöðumanns, aðstoðarmanns forstöðumanns og deildarstjóra tón- og mynddeildar í fullu starfi eru fjórir aðrir starfsmenn í um tveimur og hálfu stöðugildi; samtals sjö starfsmenn í fimm og hálfu stöðugildi.

Ýmsar kynningar og námskeið

Söluaðilar fyrir gagnasöfn *Engineering Village*, *CSA*, *ProQuest*, *LION*, *OVID* o.fl. komu hingað til lands í tengslum við ráðstefnuna *Stafræna bókasafnið* sem haldin var á Akureyri í mars. Stutt námskeið um *OVID* og *CSA* voru haldin fyrir starfsmenn upplýsingadeildar, og í október sóttu þeir námskeið um gagnasöfn í *ProQuest* og *LION* sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík. Gagnasöfn *Engineering Village* voru kynnt hér í safninu og auglýst á póstlista háskólans. Í maí var kynning á *SciFinder Scholar* frá *Chemical Abstracts*, og sóttu hana rúmlega 20 sérfræðingar á háskólasvæðinu. Mikill áhugi var á *SciFinder Scholar*, en ekki hefur tekist að semja um aðgang að honum. Leitast hefur verið við að miðla því sem fram kom á þessum kynningum til samstarfsmanna og háskólasamfélagsins með kynningarfundum, tilkynningum á póstlista háskólans, á vef safnsins, skrifum í *Fréttabréf Háskóla Íslands* og *Húsgang*.

Í janúar var haldin kynning fyrir kennara í félagsvísindadeild á helstu gagnasöfnum til heimildaleitar í félagsvísindum. Svipuð kynning var haldin fyrir samstarfsmenn. Þar var m.a. sýnd leit í vefsíðusöfnunum *BUBL* og *SOSIG* sem eru öllum opin á Netinu, leitað í tilvísanasafninu *UnCover* og árveknipjónusta þess kynnt. Einnig var sýnd leitartækni í *OVID* og *CSA*.

Í júní var hálf dags dagskrá fyrir starfsmenn safnsins undir heitinu *Gagn og gaman* þar sem gagnasöfn á Netinu og nýjar rafrænar áskriftir voru kynntar. Verkefni voru unnin í tölvuveri. Annað námskeið um heimildaleit í gagnasafninu *LION* o.fl. var haldið fyrir starfsmenn í nóvember. Forstöðumaður upplýsingadeildar sagði samstarfsmönnum í máli og myndum frá tveggja vikna námsdvöl sinni við *Bibliothèque public d'information* og *Bibliothèque nationale de France* í París.

Á háskólaþingi sem haldið var á vegum menntamálaráðuneytisins í Háskólabíó 19. febrúar var bás á vegum safnsins með upplýsingum um rafræn gagnasöfn, leiðum til heimildaleita og öflunar efnis.

Önnur verkefni

Unnið hefur verið að ýmsum verkefnum með starfsmönnum annarra deilda og annara safna. Má þar nefna hillumerkingar, kannanir á notkun og starfsemi safnsins, s.s. talningar á nýtingu lesborða og nokkrum þjónustubáttum, svo og samstarf forstöðumanna aðfanga-, upplýsinga- og útlánadeilda við fulltrúa nokkurra bókasafnsnefnda á vegum háskólans. Nokkrir starfsmenn deildarinnar tóku þátt í að meta bókasafnskerfin þrjú sam valin voru til skoðunar. Forstöðumaður deildarinnar tók þátt í vinnuhópi um sameiginlega notendafræðslu í háskólabókasöfnum og var formaður hans.

Tón- og mynddeild

Starfsemi tón- og mynddeildar er nú komin í nokkuð fastar skorður þó bæði gömul og ný verkefni bíði úrlausnar. Innheimta skylduskila á hljóðritum og hljóðbókum er drjúgur starfsþáttur. Auk þess eru aðföng, skráning og frágangur á erlendum nýsgögnum og nótum nú að segja má alfarið í höndum deildarinnar sem og aðföng tónlistarbóka og handbóka á sviði tónlistar. Fyrirspurnum úr efniskosti deildarinnar fjölgaði lítillega á árinu, en áhorf á myndbönd og hlustun á hljóðrit dróst nokkuð saman. Myndbandakostur deildarinnar jókst verulega á árinu. Þá barst deildinni gjöf úr dánarbúi Hallgríms Jakobssonar söngkennara, samtals tíu kassar með tónlistarefni af ýmsu tagi: plötur, nótur, tónleikaskrár og bækur um tónlist. Gjöf þessi er enn óskráð og ófrágengin.

Deildarstjóri er enn eini fasti starfsmaður deildarinnar, en samstarfsmenn í upplýsingadeild hafa aðstoðað lítillega, einkum við skráargerð. Í árslok kom út *Flokkur skrá um myndbönd tón- og mynddeildar* í samantekt Önnu Jensdóttur og Moniku Magnúsdóttur.

ÚTLÁNADEILD

Hlutverk

Markmið útlánadeildar er að sjá um lánastarfsemi bókasafnsins og gæta þess að fylgt sé settum reglum í því efni. Deildin starfrækir m.a. námsbókasafn og sér um almenna upplýsingaþjónustu á 3. og 4. hæð, varðveitir safn lokaritgerða nemenda við Háskóla Íslands og hefur umsjón með lesrýmum, bókarýmum og úthlutun lesherbergja. Millisafnalán eru á vegum deildarinnar, og hún hefur jafnframt umsjón með útibúum utan aðalsafns.

Afgreiðslutími

Á fjárlögum 1999 fékk háskólinn sérstaka fjárveitingu til þess að mögulegt yrði að halda safninu opnu lengur en verið hafði. Var afgreiðslutíminn því lengdur 1. febrúar sama ár í 80 tíma í viku, níu og hálfan mánuð ársins. Árið 2000 var komin talsverð reynsla á þessa lengingu, og eftir að tölur um nýtingu höfðu verið skoðaðar var ákveðið að stytta þann tíma sem safnið var opið lengur bæði við upphaf og lok skólaárs um tvær vikur alls. Hófst þá sumarafgreiðslutími 21. maí í stað 1. júní en vetrarafgreiðslutími svo aftur 20. ágúst í stað 16. ágúst.

Notendaþjónusta og afgreiðsla

Hin almenna notendaþjónusta safnsins er aðallega í höndum útlánadeildar og upplýsingadeildar. Vaktstöðvar útlánadeildar eru fjórar.

Á 2. hæð er almenn afgreiðsla. Hér eru bókasafnsskírteini afgreidd, bækur lánaðar út og þeim veitt viðtaka að lánstíma liðnum.

Á 3. hæð eru lokaritgerðir nemenda við Háskóla Íslands varðveittar og lánaðar til lesturs í safninu. Hér er einnig afgreiðsla og upplýsingaþjónusta um blaða- og tímaritakost safnsins og leiðbeint við notkun lesvéla og lesprentvéla. Á þessari hæð eru jafnframt varðveitt gömul próf við háskólann. Í febrúar var prófstjóra sent erindi varðandi netvæðingu prófverkefna. Engin úrlausn fékkst á því máli.

Á 4. hæð er námsbókasafn á opnu rými. Hér eru veittar upplýsingar um bókakost safnsins og rit lánuð út. Hér er tón- og mynddeild staðsett, og eru fræðslumyndbönd, nótur og snældur lánuð út, en einnig er hægt að skoða myndbönd á staðnum og hlusta á tónlist og upplestur á geisladiskum og snældum.

Í kjallara er starfsmaður deildarinnar á vakt 17 tíma á viku við að afgreiða rit sem safngestir biðja um úr geymslum, innröðun og önnur störf. Ákveðið var í safnráði í desember 1999 að athuga með fastar vaktir í kjallara, og að fengnum tillögum um framkvæmd slíkra vakta var þeim komið á í byrjun október.

Bæklingar

Nokkur útgáfa á bæklingum á sér stað innan deildarinnar og eru þeir helst ætlaðir lánþegum safnsins. Hér fyrir neðan er listi yfir nýja bæklinga frá útlánadeild fyrir árið 2000.

Lesherbergi. Janúar 2000.

Millisafnalán. Janúar 2000.

Útibú og lesaðstaða. Janúar, nóvember 2000.

Útlán. Janúar, júlí 2000.

Útlán (Reglur og upplýsingar fyrir stúdenta við Háskóla Íslands). Janúar 2000.

Circulation. Júlí 2000.

Námsbókasafn. September 2000.


Útlán

Útlán úr safninu náðu hámarki árið 1996, en þeim hefur farið fækkandi síðan. Hélt sú þróun áfram árið 2000; útlánum fækkaði um 6% og voru alls rúmlega 68.000 en höfðu verið um 72.000 árið áður. Útlánum fækkaði sömuleiðis í námsbókasafni og í útibúum safnsins í Lögbergi, Líffræðistofnun og VR II, en dálítill aukning varð í bókasafni Jarðfræðahúss.


Nemendur Háskóla Íslands tóku flest rit í lán eða um 52,6%, starfsmenn háskólans um 13,7% og aðrir lánþegar, þ. á m. nemar í öðrum skólum, um 33,7%. Lánþegar voru alls 5.127 í lok desember.

Í upphafi árs var árgjald bókasafnsskírteina hækkað úr 700 kr. í 1.000 kr. Bæklingur deildarinnar með hagnýtum upplýsingum um útlán og reglum safnsins þaðlútandi var endurskoðaður. Sérhver nýr lánþegi fær bæklinginn afhentan með skírteininu.


Þegar tölur um útlán eru skoðaðar ber að hafa í huga að mikið af bókum og tímaritum er notað á staðnum án þess að um skráð lán sé að ræða.



Útlán eftir flokkum



Fjöldi lánþega (alls 5.127)



Ritakostur

Allur ritakostur deildarinnar er skráður í Gegni. Flest rit útlánadeildar eru á opnu rými á 4. hæð safnsins. Þar geta safngestir gengið um, skoðað og fundið sjálfir þær bækur sem þeir eru að leita að. Á árinu var haldið áfram að vinna að hillumerkingum á 3. hæð. Ekki vannst tími til að vinna að hillumerkingum á 4. hæð. Ritum sem hefur verið skilað er raðað í hillur samdægurs, og um sumarið fóru starfsmenn deildarinnar yfir allan ritakostinn á 4. hæð og lagfærðu röðun, en það er verk sem þarf í raun að vinna að allan ársins hring.

Hluti ritakostsins er í geymslum í kjallara hússins. Eru þar eldri rit og lítið notuð, bæði íslensk og erlend, rit sem eru fágæt eða illa farin og svo aukaeintök rita sem ekki þykir ástæða til að hafa á opnu rými. Auk þess eru sérstakar geymslur fyrir smáprent, stofnanaprent, barnabækur og þýdda reyfara. Rit í geymslum deildarinnar má panta alla virka daga til kl. 18 og á laugardögum til kl. 16, og eru þau sótt jafnóðum. Ekki eru öll rit lánuð út, og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1900, tímarit, handbækur, barnabækur, þýdda reyfara, smáprent og að sumu leyti stofnanaprent.

Í október var eins og áður segir skipulögð sérstök kjallaravakt í samvinnu við Þjóðdeild. Starfsmenn deildanna tveggja skiptast á að afgreiða bækur, tímarit og önnur gögn sem safngestir biðja um og eru í geymslum safnsins. Hefur þetta skipulag haft í för með sér hraðari afgreiðslu úr geymslunum og biðtími safngesta eftir ritunum hefur því styst.

Margar bækur eru komnar til ára sinna og þarfnast viðgerða. Á árinu var hafist handa við styrkingu þess hluta ritakostsins sem er í kiljubandi með aðferð sem er notuð í bókasafni Cornell-háskóla í Bandaríkjunum. Felst hún í því að límd eru stíf spjöld á innanverða kápuna auk þess sem kjölurinn er styrktur með sérstökum böndum. Styrkingin fór fram á bókbandsstofu safnsins. Lítið var unnið að almennum viðgerðum á innbundnum bókum, en þörfin á slíkum viðgerðum hefur farið vaxandi.

Lesrými

Í Þjóðarbókhöfðinu eru um 700 sæti fyrir þá sem vilja hafa afnot af gögnum safnsins með einum eða öðrum hætti. Á 3. og 4. hæð er almennt lesrými með 408 lessætum við borð (með eða án tölvu), þar af 20 sæti í hópvinnuherbergjum. Þar eru einnig 83 lágsæti, sum við lágborð og sum í tón- og mynddeild.


Fjöldi safngesta á lesrýminu er kannaður reglubundið með talningum, bæði á daginn og á kvöldin og einnig um helgar. Er það gert í því skyni að fylgjast með nýtingu lesrýmisins svo að hægt sé að veita sem besta og mesta þjónustu á álagstímum. Lesrýmið er mest notað af nemum Háskóla Íslands, og er því nýting eðlilega mest á próftímum. Einnig er góð nýting meðan kennsla stendur yfir.

Til að stuðla að betri nýtingu lessætana var í samvinnu við Stúdentaráð Háskóla Íslands komið fyrir klukkuskífum á öllum einstaklingsborðum á 3. og 4. hæð í byrjun nóvember. Skulu safngestir stilla klukkuna þegar þeir yfirgefa borðin og mega þá vera frá í klukkutíma án þess að missa borðin til annarra notenda.

Í safninu eru 28 lesherbergi sem safngestir geta fengið afnot af til ákveðins tíma. Safnið leigir út 26 lesherbergi til fræðimanna, háskólanema í framhaldsnámi og annarra aðila sem eru að vinna að rannsóknarverkefnum og þurfa að nota rit safnsins í því skyni. Mikil eftirspurn er eftir þessum herbergjum, og eru þau fullnýtt bæði á veturna og á sumrin. Alls höfðu 85 safngestir afnot af lesherbergi á árinu. Fengu 39 gestir herbergi vegna vinnu við meistaraþrófsritgerð, 13 vegna vinnu við doktorsritgerð, 11 vegna almennrar fræðimennsku eða ritstarfa, 17 vegna vinnu við kandidateitritgerð í lögfræði og 5 vegna annarra verkefna.

Eitt lesherbergi er ætlað fötludum og annað sjónskertum til almennrar notkunar. Þessum herbergjum er úthlutað í samvinnu við Námsráðgjöf Háskóla Íslands, og eru þau gjarnan samnýtt af fleiri en einum notanda í einu.

Hverjir nota lesherbergin?



Námsbókasafn

Námsbókasafnið er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem kennarar við Háskóla Íslands hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tengslum við tiltekin námskeið sem eru kennd við háskólann. Efnið er þá sett í sérhillur merktar viðkomandi námskeiði og lánstíminn takmarkaður. Námsbókasafnið er einungis starfrækt að vetri til. Það er á opnu rými á 4. hæð safnsins.

103 kennarar báðu um að tekið yrði frá efni fyrir alls 154 námskeið. Um var að ræða bækur, myndbönd og ljósritað efni. Gögnin voru ýmist til notkunar á staðnum, á dægurláni, þriggja daga láni, vikuláni eða tveggja vikna láni. Kennarar í heimspekideild og félagsvísindadeild notuðu námsbókasafnið áberandi mest, og voru t.a.m. 86 námskeiðanna kennd í heimspekideild og 53 í félagsvísindadeild. Aðrar deildir sem

voru með bækur á námsbókasafninu voru guðfræðideild (5), læknadeild (3), lagadeild (1), viðskipta- og hagfræðideild (4) og raunvísindadeild (2).

Útlánum úr námsbókasafni fækkaði úr 4.799 í 2.890 og nemur sú lækkun 40%. Þessi mikla fækkun á sér líklega tvær meginskýringar. Í fyrsta lagi hefur það færst í aukana að kennarar biðji um að bækur séu ekki lánaðar út heldur merktar til notkunar á staðnum. Nemendur lesa þessar bækur á safninu án þess að þær séu skráðar í útlán. Í öðru lagi eru margir kennarar komnir með eigin heimasíðu og vísa þaðan í auknu mæli á rafrænt efni.

Millisafnalán


Millisafnalán sjá um að útvega notendum rit að láni eða ljósrit af grein frá öðru bókasafni. Ef rit er ekki til á íslensku safni, útvegar Landsbókasafn bækur að láni úr erlendum bókasöfnum. Safnið hefur einnig milligöngu um að fá ljósrit frá innlendum söfnum. Hverjum sem er, bæði einstaklingum og stofnunum, er heimilt að nýta sér þessa þjónustu. Öll þjónusta millisafnalána er gegn gjaldi. Þrír starfsmenn starfa í deildinni í fullu starfi.

Fjöldi beiðna alls um millisafnalán sem bárust safninu á árinu var svipað og árið áður eða 8.595 beiðnir alls. Þar af voru afgreiddar 7.486 beiðnir eða 87%. Samvinna safnsins við bókasöfn á Norðurlöndum um bæði NORFRI og NORDKVIK verkefnið jókst og á árinu bárust 56% allra aðsendra greina með þeim hætti auk 34% allra bóka. Alls var pantað frá 250 söfnum í 23 löndum. Flestar bækur bárust frá Danmörku (37%) og Noregi (25%) en flestar greinar frá Danmörku (37%) og Bretlandi (15%). Á fleiri beiðnir berast í tölvupósti eða með faxi og krafan um hraðþjónustu verður sífellt háværrari. Vegna samvinnu safnsins við söfn á Norðurlöndum um gagnkvæma hraðþjónustu (KVIK) hefur oft verið hægt að stytta biðtíma safngesta eftir efni svo um munar.


Á árinu voru alls afgreiddar 1.894 beiðnir um bækur eða greinar úr ritakosti safnsins til annarra safna. Þar af voru bókarlán 432 (23%) og ljósrit af greinum 1.462 (77%). Þessar beiðnir voru frá 71 safni á Íslandi og 76 erlendum söfnum í 14 löndum. Til fyrirtækja, stofnana og starfsmanna Háskóla Íslands voru afgreiddar 372 greinar úr tímaritum safnsins, eða 27% af greinum afgreiddum úr safninu alls.

Árið 1998 var farið að veita einstaklingum ljósritunarþjónustu úr gögnum safnsins. Sú þjónusta hefur ekki verið mikið notuð, en á árinu voru aðeins afgreiddar 25 beiðnir af því tagi.

Millisafnalán - Hvaðan fáum við ljósrit að láni?



Millisafnalán - Hvaðan fáum við bækur að láni?



Útibú utan Þjóðarbókhlöðu

Landsbókasafn starfrækir mörg útibú sem eru staðsett bæði á háskólalóðinni og utan hennar. Í sumum útibúum var bókavarsla tiltekinn tíma dag hvern. Í öðrum útibúum var um að ræða umsjón sem fólst í reglubundnum eftirlitsferðum einu sinni til tvisvar í viku eða sjaldnar. Sú meginstefna hefur verið mörkuð að útibúin verði handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum og sérfræðingum, en stúdentum verði fremur beint til aðalsafns. Nú eru einungis útlán frá bókasöfnum Jarðfræðahúss, lagadeildar í Lögbergi, verkfræði- og raunvísindadeildar í VRÍI og lesstofu í líffræði að Grensásvegi 12.

Í upphafi árs var stofnuð ný staða umsjónarmanns útibúa, og var Guðmundur Ingi Guðmundsson ráðinn í starfið. Hefur hann haft fasta viðvist í bókasafni lagadeildar í Lögbergi, lesstofu í líffræði og bókasafninu í Jarðfræðahúsi en auk þess haft eftirlit með útibúum safnsins í Odda, Nýja Garði, aðalbyggingu, Sóltúni 1, Skógarhlíð 10 og Haga. Sólveig Jónsdóttir hafði áfram umsjón með útibúum lektoratanna og útibúi Raunvísindastofnunar að Dunhaga 1.

Tvö ný útibú voru opnuð á árinu, annars vegar handbóka- og tímaritasafn í Odda og hins vegar handbókasafn fyrir kennara í heimspekideild í Nýja Garði.

Árnagarður. Lokað bókastofa heimspekideildar ætluð kennurum og nemendum í MA- eða doktorsnámi í íslenskum fræðum. Guðmundur Ingi Guðmundsson hafði umsjón með bókastofunni frá 1. janúar 2000. Eftirlit var einu sinni í mánuði.

Enskukennsla í Nýja Garði. Bókastofan er handbókasafn kennara og nemenda í enskuskor. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Guðfræðideildarstofa í aðalbyggingu háskólans. Stofan er handbókasafn kennara og nemenda í guðfræði. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Jarðfræðahús, bókasafn í jarðfræði og landafræði. Opið kl. 9–17. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson, og var viðvist hans daglega kl. 14–16.

Lektoröt (danska, finnska, norska og sænska). Bókasöfn sem tengjast kennslu í norrænum tungumálum eru til húsa í skrifstofum viðkomandi lektors í Norræna húsinu. Útlán eru eingöngu með leyfi lektora. Umsjón hafði Sólveig Jónsdóttir. Eftirlit var einu sinni í mánuði.

Lesstofa í líffræði, Grensásvegi 12. Stofan var opin kl. 8–17. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson, og var viðvistartími hans kl. 10–12 á þriðjudögum og fimmtudögum.

Lyfjafræðideild í Haga. Bókasafn lyfjafræðideildar er handbókasafn kennara og nemenda í lyfjafræði. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Lögberg, bókasafn lagadeildar í Lögbergi. Opið var á vor- og haustmisseri kl. 10–18 en lokað yfir sumarmánuðina. Auður Gestsdóttir annaðist rekstur safndeildarinnar, og var viðvistartími hennar frá kl. 8–13 þriðjudaga og fimmtudaga og kl. 10–12:30 á föstudögum. Guðmundur Ingi Guðmundsson hafði viðvist í safninu 10–12:30 á mánudögum og miðvikudögum. Auk þess önnuðust laganemar gæslu safnsins hluta úr degi.

Hjúkrunarfræðideild. Bókasafn námsbrautar í hjúkrunarfræði var sameinað Bókasafni Landspítalans árið 1993 og hefur verið starfrækt þar síðan. Ritin eru þó áfram eign safnsins og laun tveggja bókavarda voru greidd af safninu. Bókasafn Landspítalans veitir læknadeild og hjúkrunarfræðideild bókasafnsþjónustu.

Námsbraut í sjúkræðingunni, Skógarhlíð 10. Safnið er handbókasafn kennara og nemenda í sjúkræðingunni. Það er opið á skrifstofutíma. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var tvisvar í mánuði.

Nýi Garður. Bókastofa Hugvísindastofnunar á 3. hæð Nýja Garðs var opnuð 1. nóvember. Bókastofan er lokað handbókasafn kennara í heimspekideild. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Oddi. Bókastofa félagsvísindadeildar og viðskipta- og hagfræðideildar á 2. hæð var opnuð 10. maí. Stofan er lokað handbóka- og tímaritasafn kennara í deildirnar.

Umsjón höfðu Sigríður Lára Guðmundsdóttir og Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var einu sinni í viku.

Rannsóknarstofa í heilbrigðisfræði, Sóltúni 1. Safnið er lokað handbókasafn starfsmanna rannsóknarstofunnar. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Raunvísindastofnun háskólans, Dunhaga 3. Safnið er handbókasafn starfsmanna stofnunarinnar. Umsjón hafði Sólveig Jónsdóttir. Eftirlit tvisvar í viku. Raunvísindastofnun greiddi safninu fyrir vinnu bókavarðar sem nam u.þ.b. einum fjórða úr ársverki.

Rannsóknarstofa í lyfjafræði, Ármúla 30. Safnið er handbókasafn starfsmanna rannsóknarstofunnar. Starfsmaður rannsóknarstofunnar, Jóhanna Edvald, hafði umsjón með safndeildinni.

Verkfræði- og raunvísindadeild. Bókasafnið í VRII við Hjarðarhaga var opið kl. 7–22 og kl. 7–18 um helgar. Umsjón hafði Siglinde Sigurbjarnarson, og var viðvistar-tími hennar daglega 11–14:30. Í VRIII er handbóka- og tímaritasafn kennara í raunvísindum. Umsjón með því hafði Sólveig Jónsdóttir. Eftirlit var einu sinni til tvisvar í viku.

ÞJÓÐDEILD

Hlutverk og skyldur

Markmið þjóðdeildar er að varðveita íslenskan ritakost, fornan og nýjan, og veita aðgang að honum. Þjóðdeild hefur umsjón með aðaleintaki og varaeintaki íslenskra rita, sér um lestrarsal deildarinnar og þjónustu við fræðimenn sem þangað leita. Deildin annast um sérsöfn bókasafnsins.

Afgreiðsla rita og upplýsingaþjónusta

Fólk sem stundar rannsóknir á íslenskum málefnum á að eiga hér aðgang að aðaleintaki þjóðdeildar. Af þeim fjórum eintökum sem Landsbókasafn tekur á móti í skylduskilum eru tvö varðveitt í þjóðdeild. Eins og fyrr greinir er hér um að ræða svokallað aðaleintak (notkunareintak) sem léð er á lestrarsal. Hitt eintakið er varaeintak sem varðveitt er til framtíðar í sérstökum lokuðum geymslum.

Upplýsingaþjónusta um séríslensk málefni hefur verið allnokkur, eða 112 leitir á árinu. Fjöldi gesta á hinum tengdu lestrarsölum handrita- og þjóðdeildar voru 7.230 (7.430). Í lestrarsal þjóðdeildar eru borð fyrir 38 gesti þar af eru 6 búin tölvum. Eitt borð er ætlað gestum í sérsafnarými.

Vegna varðveisluskyldu deildarinnar er ekkert lánað út úr henni. Lánþegar nota ritin á lestrarsal. Deildin hafði verið opnuð kl. 10 á laugardagsmorgnum, en til samræmis við útlánadeild var ákveðið 15. ágúst að þjóðdeild væri opnuð kl. 9 eftirleiðis á vetrartíma.

Kjallaravakt

Sú nýbreytni var tekin upp að einn starfsmaður, annað hvort frá þjóðdeild eða útlánadeild, er staðsettur í kjallara og afgreiðir umbeðin rit í bókalyftu, til notkunar uppi á hæðum. Þetta vaktafyrirkomulag hófst 16. október og sparar bæði tíma og mannafla.

Starfsmenn deildar

Stöðugildi hafa verið sex en átta þegar mest var, og er munurinn í því fölginn að tveir nemar úr H.Í. unnu í þrjá mánuði að verkefninu Heimildir um forn fræði í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Tímarit og blöð á Netinu

Eins og áður tekur deildin þátt í verkefninu VESTNORD, en unnið er að því í samvinnu við landsbókasöfnin í Færeyjum og á Grænlandi. Unnið er með blaða- og tímaritaefni þjóðdeildar (sjá kafla um þróunarverkefni).

Bæklingar

Bæklingar þjóðdeildar hafa orðið til jafnt og þétt og eru þeir nú samtals 22. Á árinu komu út fimm nýir bæklingar, og nokkrir þeirra eldri voru endurskoðaðir. Hér fyrir neðan er listi yfir nýja bæklinga frá þjóðdeild. Í skýrslu fyrir árin 1994–99 má finna lista yfir eldri bæklinga.

Davíð Björnsson og safn Vesturheimsprents. Maí 2000.

Nonnasafn. Jón Sveinsson. Maí 2000.

Jón Sveinsson 1857–1944 minnessamling. Maí 2000.

Lárus Sigurbjörnsson og leikbókmenntasafn hans. Maí 2000.

Ragnar Þorsteinsson 1914–1999 og Biblíusafn hans. Maí 2000.

Sýningar

Þjóðdeild hefur komið að sýningum safnsins með einum eða öðrum hætti. Yfirleitt er efni sótt í miklum mæli til deildarinnar þar sem hún ásamt handritadeild varðveitir íslenskan menningararf. Má nefna Stefnumót við íslenska sagnahefð. Sýningar eru í nokkrum mæli í forsal þjóðdeildar (sjá kaflann um sýningar).

Sérsöfn

Sérsöfnin eru fjórtán talsins og hafa flest verið gefin Landsbókasafni og Háskólabókasafni af einstaklingum og stofnunum með þeim skilyrðum að þeim yrði haldið sér. Sum söfnin eru gefin til minningar um fyrri eigendur, en öðrum er ætlað að efla rannsóknir á sínum sviðum. Á árinu var Safn Einars Benediktssonar skráð af háskólanemum í klassískum fræðum með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Leikritum og úrklippum í Leikbókmenntasafni Lárusar Sigurbjörnssonar var raðað í aðgengilega röð.

Bókminjasafn

Ákveðið var að þjóðdeild sæi um bókminjasafn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu, en því var komið fyrir í hinum gamla lestrarsal Landsbókasafns. Lesborð og stólar voru fjarlægð. Nýjum sýningarpúltum var komið fyrir á gólfinu. Flestar hillur í salnum eru upprunalegar, en dýpka þurfti hluta þeirra, og þeim er lokað með gleri. Lýsingu var komið fyrir í nokkrum hillum þar sem vakin er sérstök athygli á sýningargripum. Raka- og hitamælum var komið fyrir og þess gætt að hita- og rakastig sé sem ákjósanlegast.

Uppistaðan í bókakostinum er safn Þorsteins Jósepssonar sem var þekktur bókasafnari í Reykjavík, svo og gjafir sem bárust á árinu, annars vegar frá börnum Torfa Hjartarsonar, en hann átti gott bókasafn eldri og yngri bóka, hins vegar frá Þorvarði Magnússyni sem einnig átti gott bókasafn einkum, yngri útgáfna. Einnig ber að nefna gjöf Hjalmaris Johnsson, kaupmanns frá Flateyri sem barst Landsbókasafni 1901.

Bækur hans eru gott sýnishorn bókbands frá árunum kringum 1900. Svokallað Akureyrarprent á sína fulltrúa á hillum safnsins.

Bókminjasafnið samanstendur af bókum og tímaritum í öllum flokkum, flest í fallegu bandi, og reynt er að spanna útgáfusöguna frá upphafi til okkar tíma. Sérstök athygli er vakin á Halldóri Laxness, og lánaði bóksafn Seðlabankans gögn hans frá Nóbelsafhendingunni. Þjóðminjasafn lánaði frægt eintak af Guðbrandsbiblíu og prentmót sem talin eru vera úr prentsmiðju Guðbrands Þorlákssonar.

Þjóðmenningarhúsið var formlega opnað á sumardaginn fyrsta og þar með bókminjasafnið.

Varaeintakasafn

Eftir að Landsbókasafn og Háskólabókasafn höfðu verið sameinuð árið 1994 í Þjóðarbókhöllu kom brátt í ljós að sitthvað af efni Landsbókasaafns yrði ekki flutt í hið nýja hús, m.a. rýmisins vegna. Þetta efni er geymt til bráðabirgða í húsi ríkisins að Laugarnesvegi 91. Samþykkt var í ríkisstjórn 12. maí 1998 að taka skólahúsið í Reykholti undir varaeintakasafn. Á árinu hefur verið unnið að því að gera skólahúsið þannig úr garði, hvað öryggi snertir, að ásættanlegt sé að nota það sem geymslur varaeintakasafns. Undirbúningsvinna fyrir varaeintakasafnið hafði farið fram á Þjóðdeild áður en eiginleg vinna hófst við það. Var hún m.a. fölginn í því að skipta kostinum í raðir, útbúa talnaröð á stríkamiða, hanna og láta framleiða umbúðir (sjá einnig kafla um stjórnsýslu).

Myndun og forvarsla

Allmikið er afgreitt af pöntunum á ljósritum og myndum úr gögnum Þjóðdeildar, og er nán samvinna um það við ljósmyndastofu og fjölföldunarstofu. Ekki er ljósritað úr eldri ritum en frá 1910. Töluvert af gömlum bókum og blöðum hefur verið myndað á örfilmur. Nán samvinna er einnig við bókbandsstofu og viðgerðarstofu, þar eru búnar til öskjur o.fl. fyrir deildina.

Óskráð efni

Þjóðdeildin fær yfirleitt tvö eintök af ýmiss konar smáritum, sem ekki eru skráð, og er áætlað að um 10.000 einingar berist Þjóðdeild á ári, sem greinast í notkunar- og varaeintak. Þau eru flokkuð og sett í sýrufríar öskjur. Veggspjöld og auglýsingar fá sömu meðferð. Afgreiðsla er jafnan viðhöfð úr þessum kössum eftir óskum gesta.

KVENNASÖGUSAFN ÍSLANDS 2000

Kvennasögusafn Íslands tók formlega til starfa í Þjóðarbókhöllu 5. desember 1996. Erla Hulda Halldórsdóttir var ráðin forstöðumaður. Kvennasögusafn réð Ernu Sverrisdóttur bókmenntafræðing til sérverkefna og sumarafleysinga tímabilið 15. maí – 15. ágúst 2000. Í stjórnarnefnd safnsins 1999–2002 sitja Emilía Sigmarsdóttir, fulltrúi Landsbókasaafns, Sigríður Th. Erlendsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvennafræðum, og Stefanía María Pétursdóttir, fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands, formaður.

Kvennasögusafn hefur það að markmiði að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Það miðlar þekkingu um kvennasögu og aðstoðar þá sem til þess leita við öflun heimilda vegna rannsókna á sviði kvenna- og kynjafræða. Til safnsins leita einkum nemendur og fræðimenn sem vinna að stórum eða smáum rannsóknarverkefnum. Þá berast safninu fyrirspurnir frá einstaklingum sem fást við greina- og bókaskrif.

Kvöldvaka Kvennasögusaafns var haldin í fyrsta sinni 5. desember 1996 með ljóðalestri, söng og fyrirlestrum fræðimanna á sviði kvenna- og kynjafræða og hefur

síðan verið árviss viðburður í starfi safnsins. Alls höfðu 17 konur flutt erindi á kvöldvöku sem haldin hafði verið fimm sinnum í árslok 2000. Þá hafa skáldkonur lesið eigin ljóð og annarra, auk tónlistar sem flutt hefur verið af konum.

Á þeim árum sem Kvennasögusafn hefur starfað í Þjóðarbókhöfðu hefur það staðið fyrir nokkrum sýningum á gögnum og munum sem tengjast sögu kvenna. Á árinu 2000 var haldin sýning í forsal þjóðdeildar til minningar um skáld- og listakonuna Ástu Sigurðardóttur (1930–1971) en hún hefði orðið sjötug á því ári. Sýningin var opnuð 31. maí og stóð til 8. september.

Kvennasögusafni berst árlega töluvert af gögnum og eru gefendur bæði einstaklingar og félagasamtök kvenna. Umfangsmesta gjöfin á árinu 2000 voru gögn Menn- ingar- og friðarsamtaka kvenna frá árunum 1951–1999.

STOÐDEILDIR

Bókbandsstofa

Eftir nokkrar tilraunir, þar sem m.a. var tekið tillit til skýrslu John Dean frá árinu 1998, voru teknar upp nýjar aðferðir í bókbandi og umbúnaði safnefnis. Undir lok ársins var gerð breyting á vinnu við lokafrágang rita sem koma úr bókbandi eða skráningu. Áður en ritin fara til notkunar á safninu þarfnast þau álímingar kjalmiða, strikaletursmiða, öryggisræmu svo og í sumum tilvikum plöstunar. Verk þetta er nú unnið af föstum starfsmanni með aðsetur í bókbandsstofu.

Á bókbandsstofu starfa: yfirbókbindari, bókbindari og aðstoðarmaður bókbindara, auk starfsmanns sem vinnur í hlutastarfi við álímingar kjalmiða o.fl. Vonast er til þess að þessar breytingar skili þeim árangri að efni til bindingar safnist ekki upp milli ára.

Um verk unnin á bókbandsstofu sjá Töflu 10: Bókbandsverk 1999–2000.

Myndastofa

Starfsemi myndastofu var með óbreyttum hætti á árinu. Árið var 1999 var samið við *Morgunblaðið* um að safnið myndaði blaðið á örfilmu jafnóðum og það kemur út og gekk það eftir með öll tölublöð ársins 2000. Tekin var ákvörðun um forgangsroð að öðru leyti við afritun á örfilmu og ákveðið að setja fremst þau dagblöð sem ekki eru lengur gefin út. Lokið var við að mynda *Þjóðviljann* frá 1986 til 1992 (útgáfu lauk það ár) og *Alþýðublaðið* fram til 1985. Nokkur handrit voru mynduð og bækur úr þjóðdeild. Stærsta sýningarverkefni deildarinnar tengdist sýningunni Stefnumót við íslenska sagnahefð. Um verk unnin á myndastofu sjá Töflu 9: Verk unnin á myndastofu 2000.

Myndastofa sá áfram um myndun handrita í Sagnaneti. Eins og fram kemur í kafla um þróunarverkefni var stafræna myndavélin óstarfhæf í nokkra mánuði vegna bilunar. Þeir starfsmenn sem við hana starfa unnu á meðan að ýmsum tilfallandi verkefnum, einkum í bókbandi.

Á ljósmyndastofu störfuðu ljósmyndari og tveir starfsmenn við myndun í Sagnaneti. Einn starfsmaður sem ráðinn var með aðstoð frá Atvinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins vann í hálfu starfi frá janúar til júní við örfilmumyndatöku.

Viðgerðarstofa

Á viðgerðarstofu starfar sem fyrr einn forvörður. Í kringum áramótin 1999–2000 var á stofunni Ingibjörg Áskelsdóttir nemi í forvörslu við The London Institute, Camberwell College of Arts. Vann hún tilfallandi störf auk þess að velja sér handrit til viðgerðar sem hluta af lokaverkefni sínu við skólann.

Frá og með 1. maí 2000 breyttist starfssvið forvarðar að umfangi. Auk þess að sinna forvörslu gegnir hann frá þeim tíma starfi varðveislustjóra safnsins. Varðveislustjóri er til ráðuneytis um og ber ábyrgð á viðhaldi, varðveislu og umbúnaði ritakostsins í safninu almennt. Hann hefur tilsjón með starfsemi viðgerðarstofu og bókbandstofu, svo og þeim þáttum myndastofu sem lúta að varðveislumálum. Varðveislustjóri sér til þess að umhverfi safngagna sé hið rétta hverju sinni hvað varðar hita, raka, birtu o.þ.h. Hann finnur réttan umbúnað og umbúðir fyrir hin margvíslegu safngögn og sér til þess að gert sé við þau eftir þörfum, auk þess að upplýsa starfsmenn og notendur um rétta umgengni við safnkostinn.

Fjölföldun og fjölföldunarstofa

Á fjölföldunarstofu var sem fyrr einn starfsmaður í fullu starfi, og er stofan opin safngestum hálfan daginn. Starfsmaðurinn hefur einnig umsjón með ljósritunarvélum starfsmanna og notenda, og öllum les- og lesprentvélum fyrir örfilmur og fisjur sem eru í safninu. Ein ljósritunarvél á þriðju hæð var endurnýjuð með stafrænni ljósritunarvél.

Tölvuþjónusta

Í byrjun ársins var skipt um allar tölvur notenda, en þær voru ásamt hugbúnaði boðnar út haustið 1999. Samið var við EJS um rekstrarleigu á 80 tölvum, en hugbúnaðurinn, þ.e. NT 4.0 stýrikerfi ásamt Windows 2000 skrifstofuhugbúnaði, var keyptur. Jafnframt var settur upp sérstakur NT þjónn fyrir stjórnun á aðgangi stúdenta að RHÍ. Þetta gjörbreytti vinnumhverfi notenda, og er uppsetningu var að fullu lokið auðveldaði það til muna alla umsýslu með þessum tölvum. Nokkrar starfsmannatölvur voru endurnýjaðar, og í nóvember voru 60 tölvur fyrir starfsmenn, ásamt hugbúnaði, boðnar út. Samið var við EJS um rekstrarleigu á 30 tölvum en 30 tölvur voru keyptar, ásamt hugbúnaði fyrir allar starfsmannatölvur, þ.e. Windows 2000 Professional stýrikerfi og Windows 2000 skrifstofuhugbúnaði. Áætlað er að setja búnaðinn upp og taka í notkun í janúar 2001.

Það safnefni sem bókasöfn byggja starfsemi sína á verður í mjög auknum mæli á stafrænu formi og aðgangur að því um Netið. Hvað Landsbókasafn varðar verður til mjög mikið stafrænt efni í þróunarverkefnum safnsins: Fornum Íslandskortum, Sagnaneti, VESTNORD og íslenska vefsafninu. Því þótti nauðsynlegt að hefja vinnu við að skilgreina framtíðarform hins stafræna hluta safnsins þannig að hann þjóni sem best því hlutverki sem honum er ætlað. Fer þar saman að ákveða hvar og hvernig á að vista stafræna efnið og hvernig á að skilgreina og skrá það með lýsigögnum til að auðvelt verði að finna það og vinna með það. Til að sinna því verki var ráðinn starfsmaður er tilheyrir tölvuþjónustu safnsins, og hóf hann störf 1. desember. Auk hans vinnur einn starfsmaður við hönnun og forritun við VESTNORD verkefnið, einn starfsmaður við almenn forritunarstörf og einn starfsmaður við umsjón með tölvukerfum safnsins.

Kerfisþjónusta

Nefnd menntamálaráðuneytis og helstu hagsmunaaðila sem skipuð var í mars 1998 til að gera tillögur um val á bókasafnskerfi sem gæti hentað fyrir öll bókasöfn á landinu lauk vinnu við þarfagreiningu kerfisins í byrjun ársins, og var það boðið út á Evrópska efnahagssvæðinu 21. febrúar. Tilboð voru opnuð 28. mars, og bárust 8 gild tilboð. Tilboðin voru metin og valin fimm kerfi til nánari skoðunar. Að aflokinni skoðunarferð nefndarinnar til Bandaríkjanna í maí voru þrjú kerfi valin til endanlegrar yfirferðar. Um haustið voru stofnaðir rýnihópar til að fara yfir hina ýmsu kerfisþætti og

enn fremur voru kerfin kynnt starfsfólki bókasafna. Þegar mat rýnihópa lá fyrir fór nefndin yfir það, ásamt kaupverði kerfanna og þjónustu, og tók í desember ákvörðun um að semja við Ex Libris í London um kaup á bókasafnskerfinu Aleph 500. Gert er ráð fyrir að samningar takist snemma árs 2001 og að uppsetning kerfisins geti hafist upp úr miðju sumri 2001. Ef það gengur eftir má gera ráð fyrir að Landsbókasafn muni fyrst safna taka hið nýja kerfi í notkun í janúar 2002. Einn kerfisbókavörður sinnir kerfisþjónustu.

Menntamálaráðherra skipaði í desember viðræðuhóp í sambandi við kerfiskaupin, með aðild Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landsbókasafns, en fulltrúar þess í viðræðuhópnum voru Þorsteinn Hallgrímsson og Edda G. Björgvinsdóttir.

Rafræn gögn

Menntamálaráðherra skipaði árið 1998 nefnd til að kanna möguleika á því að ná samkomulagi við seljendur upplýsingagagna og rafrænna tímarita um landsaðgang að þessu efni, og skilaði hún skýrslu í apríl 1999. Til að halda áfram því starfi skipaði menntamálaráðherra 20. janúar verkefnisstjórn um aðgang að gagnasöfnum, og er hlutverk hennar að móta stefnu um aðgang fyrir íslenskt samfélag að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum og enn fremur að hlutast til um að henni sé hrundið í framkvæmd. Landsbókasafn á fulltrúa í nefndinni. Verkefnisstjórninni var meðal annars ætlað að kanna tilboð um aðgang að rafrænu efni og gera tillögur til menntamálaráðuneytis um kaup á aðgangi, leggja á ráðin um fjármögnun, gera tillögur um skipulag og tilhögun aðgangs og leita samvinnu við önnur Norðurlönd um sameiginlegan aðgang að gagnasöfnum þar sem það þykir henta og tækifæri gefst. Einnig var verkefnisstjórninni ætlað að veita umsögn um óskir um aðgang að gagnasöfnum og að forgangsraða verkefnum á þessu sviði. Markmið nefndarinnar hefur frá upphafi verið að reyna til hins ítrasta að ná samningum sem heimila öllum landsmönnum aðgang að viðkomandi gagnasöfnum og tímaritum frá hvaða tölvu sem er á landinu. Þetta er mjög erfitt því fyrir þessu eru ekki fordæmi. Algengt er að bókasöfn og þá einkum háskóla- og rannsóknarbókasöfn sameinist um aðgang og njóti þá betri kjara, en atvinnulífið og fyrirtæki almennt hafa verið undanskilin, og seljendur hafa verið mjög tregir til að taka þau með. Það er einnig markmið nefndarinnar að semja um aðgang að gögnum sem nýtast öllum, þ.e. atvinnulífinu, skólum á öllum stigum og almenningi.

Verkefnisstjórn kannaði þörfina fyrir gagnasöfn og tímarit og leitaði samkvæmt því eftir samningum við helstu birgja á þessu sviði. Fyrsti samningurinn var gerður við Bell & Howell um aðgang að 19 gagnasöfnum, og skrifaðu menntamálaráðherra og landsbókavörður undir samninginn 11. október. Samningurinn gildir til ársloka 2002. Í árslok var gengið frá samningum við Institute for Scientific Information (ISI) um landsaðgang að gagnasafinu *Web of Science* – *WoS*. Jafnframt samningagerð vann verkefnisstjórnin annars vegar að tillögugerð um hvernig dreifa skuli kostnaði við samningana milli bókasafna, stjórnsýslu ríkisins og atvinnulífs, og hins vegar að því að skipuleggja framkvæmdaþætti, svo sem umsýslu með samningum, kynningu á þeim og kennslu fyrir notendur. Í árslok voru þessir þættir ekki fullfrágengnir en ljóst að Landsbókasafni yrði falið að annast umsýslu og kynningu. Því var ákveðið að ráða starfsmann til að sjá um þessi mál og gert ráð fyrir að hann hæfi störf 1. janúar 2001.

ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI

Sagnanetið

Vinna við Sagnanetið hófst 1. júlí 1997, og var ráðgert að ljúka því 30. júní 2000. Það tókst ekki, og var verkið framlengt um eitt ár. Ýmsar ástæður ollu þessari töf, skráning handritanna reyndist tafsöm, úrvinnsla stafrænna mynda af prentuðum verkum sem Cornell lagði til tók mun meiri tíma en áætlað var, og stafræna myndavélin í Landsbókasafni var óstarfhæf frá því í febrúar fram í ágúst.

Við Sagnanetið unnu fimm starfsmenn í 3,25 ársverkum við skráningu, tveir í fullu starfi við myndatöku og einn í fullu starfi við forritun. Í árslok 2000 var forritun lokið og undirbúningur að notendakönnun langt kominn enda stefnt að því að hún hæfist í janúar 2001. Í árslok var allt efni frá Cornell komið í gagnagrunninn, þ.e. 452 rit með um 151.300 blaðsíður. Þá höfðu verið skráð samtals 930 handrit með um 179.000 blaðsíður í bókfræðigrunninn Gelmi, og af þeim voru 350 handrit frá Árnastofnun. Í gagnagrunninum voru um 603 handrit með um 155.000 blaðsíður, flestar af þeim myndaðar í Landsbókasafni, en nokkur þúsund blaðsíður voru myndaðar í Árnastofnun.

VESTNORD (Tímarit og blöð á Netinu)

Verkefnið hófst sumarið 1999, og í lok ársins 1999 veitti NORDINFO styrk til verkefnisins. Á árinu 2000 var fyrst og fremst unnið að forritun og tilraunum með tölvulestur og birtingu á vefnum. Þær skiluðu góðum árangri, og ákveðið var að byggja tölvulestur á forritinu FineReader, sem kemur frá Rússlandi, og birtingu á vef á forritinu DjVu, sem kemur frá Bandaríkjunum. NORDINFO veitti í desember 2000 viðbótarstyrk til verksins vegna áframhaldandi vinnu við það. Við árslok lá fyrir tilraunaútgáfa, og gert er ráð fyrir að á árinu 2001 verði öll umgjörð verksins kláruð og einnig megnið af allri forritun. Jafnframt verði unnið að skráningu ritanna og yfirfærslu þeirra á stafrænt form þegar Sagnanetinu lýkur. Gert er ráð fyrir að ljúka verkinu árið 2003. Einn starfsmaður vann í fullu starfi við verkið, en ýmsir starfsmenn komu einnig að meira eða minna leyti að því.

Vistun og varðveisla stafræns efnis

Frá árinu 1997 hafa norrænu þjóðbókasöfnin unnið sameiginlega að þróun tækni og aðferða til þess að safna sífellt öllu vef-efni hvers lands í vefsafn, varðveita það til frambúðar, veita fræðimönnum og almenningi aðgang að því samkvæmt réttmætum þörfum og höfundarréttarlögum, og tryggja jafnframt að reglum um aðgang verði fylgt. Ekki er gert ráð fyrir að tekið sé gjald fyrir aðganginn. Á árinu var ákveðið að auk þess að skiptast á tækniþekkingu og aðferðum myndu þjóðbókaöfnin sameinast um að þróa forrit og aðferðir til að vinna með vefsíðurnar. Það felur í sér að gera efnisyfirlit yfir hinar vistuðu vefsíður og gera leitar- og aðgangsförir sem gera notandanum kleift að vinna með vefsafnið á svipaðan hátt og hinn raunverulega vef.

Sumarið 2000 sóttu þjóðbókasöfnin sameiginlega um styrk til NORDUNET2 til þess að þróa sameiginlegt aðgangsförir fyrir vefsíður hvers lands. NORDUNET2 veitti verkefninu 14 milljón króna styrk, en þjóðbókasöfnin leggja fram 6 milljónir. Verkefnið hófst í árslok og áætlað er að ljúka því í ársbyrjun 2002. Landsbókasafn lagði mikla vinnu í undirbúning umsóknarinnar til NORDUNET2 og mun leggja talsvert af mörkum við framkvæmd verkefnisins. Til að geta notað þá lausn sem þróuð verður þarf safnið að safna íslenskum vefsíðum, vista þær í vefsafni og gera þau forrit sem nauðsynleg eru til að aðlaga íslenska vefsafnið NORDUNET2 lausninni. Safnið

hóf síðla árs undirbúning að íslensku vefsafni og gert er ráð fyrir að snemma árs 2001 verði sett upp söfnunarforrit og unnið að prófunum á því.

REKSTUR HÚSS OG LÓÐAR

Hlutverk

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur hússins, hafa umsjón með kerfum, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun og ýmsa þjónustu við starfsmenn. Starfsmenn við húsrekstur eru fjórir eins og á síðasta ári.

Framkvæmdir

Nokkuð hefur verið um framkvæmdir í húsinu á árinu, ýmist er verið að bæta vinnu-umhverfi starfsmanna eða gera safnið aðgengilegra fyrir notendur. Skipt var um opnunarbúnað í anddyrishurð, settur var búnaður af gerðinni Gilgen frá Fagvali. Upphaflegi búnaðurinn reyndist illa frá byrjun, og voru bilanir tíðar. Í febrúar var bætt við einni eftirlitsmyndavél framan við fyrirlestrasal. Var það gert í tengslum við landafundasýningu sem var á því svæði. Smíðaðar voru bókavöggur í sýningarskápa í tengslum við landafundasýninguna. Á haustmánuðum var ráðist í að setja ofna í stigahús I, II og IV. Gluggakarmar voru farnir að skemmast vegna raka. Í marsmánuði var leitað til Lagnatækni ehf. og þeir fengnir til að gera úttekt á ástandi í stiga-húsunum og gera tillögur til úrlausnar. Niðurstöður þeirra voru að alfarið sé um að ræða þéttingu á raka úr innilofti við lakkandi útihita. Mæltu þeir með að setja ofna við hvern glugga. Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hannaði lögnina endurgjaldslaust. Höfðu þeir áður verið búnir að fá greitt fyrir úrbætur sem dugðu ekki. Leitað var til Einars Guðmundssonar pípulagningameistara og fengið verðtilboð frá honum í verkið. Einar hefur annast smáviðvik í húsinu frá opnun ásamt því að vera með eftirlit með sprinklerkerfi hússins. Í október voru settar tímaskífur á flest öll lesborð. Þetta var gert að beiðni Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Tilgangurinn var að fá betri nýtingu á lesborðunum. Vinnuaðstaða handritadeildar var endurskipulögð í september. Fyrra fyrirkomulag þótti ekki gott vegna ónæðis sem skapaðist þegar gestir komu á deildina. Gerðar voru þrjár tillögur um breytingar og ein valin úr þeim. Skrifborð sem voru á miðju gólfu voru færð að gluggavegg og hillur sem þar voru færðar á mitt gólf. Í lessal handritadeildar var komið fyrir skrifborði sem tekið var úr aðfangaherbergi. Á skrifborðið var settur afgreiðsluhattur því ætlunin er að hafa þar afgreiðslu. Við það myndu gestir deildarinnar ekki fara inn á vinnurými starfsmanna. Í rými við hringstiga á 1. hæð í stigahúsi III var komið upp hillum til geymslu á sýningarmunum. Endurbætur voru gerðar í bókbandi, útbúinn var rekki fyrir bókbandsefni á rúllum og ýmsar aðrar tilfæringar gerðar. Í kjallara var gert átak í að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna. Lengi hafði staðið til að gera átak í kjallaranum varðandi tiltekt og til að bæta starfsaðstöðu. Sett var á laggirnar kjallaranefnd sem kom með tillögur um úrbætur. Í framhaldi af því voru pantaðar hillur hjá Rými, útbúin voru vinnuborð og borðplötur smíðaðar ofan á kortaskápa sem nýta má sem vinnuborð. Fjölgað var símtækjum til að flýta allri afgreiðslu og til þæginda fyrir starfsmann í kjallara. Ákveðið var að bæta við hillum í ganga á næsta ári. Á annari hæð, austurhlið, var bætt við sólargluggatjöldum. Starfsmenn í upplýsingaborði og millisafnalánum höfðu orðið fyrir óþægindum þegar sól var lágt á lofti vor og haust. Eru nú komin gluggatjöld fyrir austur- og suðurhlið annarar hæðar hússins. Á árinu var lokið við prentun á fánum með merki safnisins, bæði útifánum og fánum á borðstangir. Borðstangir eru í hönnun og verða væntanlega tilbúnar í ársbyrjun 2001. Í athugun er að panta 11 metra háa stöng í stað 9 metra stangar sunnan við húsið.

Ýmsar tilfæringar hafa verið gerðar á vinnustöðvum starfsfólks sem ráðið er í tímabundin störf. Nokkuð hefur verið um breytingar á síma- og tölvulögnum.

Viðhald

Hefðbundið viðhald var á loftræsikerfum, þau yfirfarin, hreinsuð, tæki smurð og hert á reimum. Skipt var um síur í minni kerfunum. Skipt var um ýmsan annan búnað í kerfunum eftir þörfum, t.d. mótrola, hita- og rakaskynjara o.fl. Ýmislegt annað viðhald var framkvæmt og lagfæringum sinnt. Húsbúnaður er farinn að láta á sjá. Tauáklæði er víða farið að slitna, og hefur verið skipt um áklæði á þeim stólum sem verst eru farnir, aðallega stólum í afgreiðslu. Reikna má með að á næsta ári þurfi að taka hluta stólanna og endurnýja á þeim áklæðið. Upphaflega áklæðið fæst ekki lengur, en búið er að finna áklæði með svipuðum lit. Utanhúss hefur viðhald lóðar verið með sama hætti og undanfarin ár. Sigið hefur á ógæfuhliðina varðandi hellulögn að austanverðu við húsið. Einu sinni til tvisvar í viku er hluti af hellunum rifinn upp og hent út í síkið. Það er óhemju tímafrek vinna að koma þessu í fyrra horf og þarf að finna varanlega lausn á þessu. Til tals hefur komið að setja upp eftirlitsmyndavél þarna á svæðinu.

Þrif

Vegna eigendaskipta varð nafnbreyting í apríl á ræstingaverktaka hússins, Ræstingu ehf., sem nefnist síðan ISS Ísland. Auk venjubundinna þrifa voru teppin hreinsuð sérstaklega, álagssvæði voru þurrhreinsuð og önnur svæði létthreinsuð. Ræsting hússins var annars í föstum skorðum og lítið um kvartanir. Að utan var rauða klæðningin þriffin með kústi um leið og gluggar.

Sorphirða var með sama hætti og áður. Gámaþjónustan sér um losun þriggja 1.100 lítra kara, eitt er fyrir tímarit, bækur og dagblöð, eitt fyrir gæðapappír og eitt fyrir blandaðan úrgang. Hreinsunardeild borgarinnar sér um að tæma sorptunnur. Töluverður kostnaður liggur í losun úrgangs. Nam hann um fjögur hundruð þúsundum króna á árinu. Samtals var þýngd úrgangs sem Gámaþjónustan sinnir 16.380 kg og skiptist þannig: 11.750 kg bækur, tímarit og dagblöð, 1.670 kg bylgjupappír, 930 kg skrifstofupappír og 2.030 kg blandaður úrgangur.

Ýmislegt

Á fyrsta starfsdegi ársins, 3. janúar, var að venju farið yfir öryggiskerfi hússins, brunabjöllur prófaðar, eldvarnartjöld á 2. hæð látin síga, brunastöð yfirfarin, sprinklerdælur prófaðar o.fl. Fyrir hádegi var haldin kynning fyrir starfsmenn á öryggisbúnaði hússins, gengið var um húsið í smáhópum og bent á slökkvitæki, neyðarhnappa fyrir brunaboð og neyðaropnunarbúnað. Einnig var farið með starfsfólk í kjallarann þar sem loftræsikerfin eru og inn í sprinklerrými, útskýrt var í stuttu máli hvernig kerfin virkuðu. Mæltist þetta vel fyrir. Starfsmenn í afgreiðsluborðum fengu sérstaka kennslu varðandi þann búnað sem er í afgreiðsluborðunum. Forvarna- og fræðslunám-skeið í meðferð slökkvitækja var haldið 21. desember fyrir starfsmenn í notendaþjónustu. Landssamband slökkviliðsmanna hélt námskeiðið. Farið var yfir helstu áhættuþætti og viðbrögð varðandi bruna, kynntar voru nokkrar gerðir slökkvitækja með mismunandi efnum í og hvað eigi við t.d. við rafmagnseld, eld frá feiti o.fl. Starfsmönnum var síðan leyft að prófa að slökkva eld með handslökkvitækjum fyrir utan húsið.

Bílastæði

Til vandræða horfir með bílastæði fyrir safngesti og starfsfólk. Sameiginlegt bílastæði Hótel Sögu og Þjóðarbókhöllu sunnan við húsið er löngu orðið of lítið. Bílastæða-

sjóður Reykjavíkurborgar tók upp þann hátt að setja stöðusektir á bifreiðar sem var ólöglega lagt við Arngrímsgötu. Á álagstímum í kringum próf í háskólanum er fjöldi bifreiða lagt upp á gangstéttir, grasfleti og hvar sem hægt er að koma þeim fyrir. Að tillögu Bílastæðasjóðs var haldinn fundur með fulltrúum Hótel Sögu, háskólans, Háskólabíós og Landsbókasafns, en þessir aðilar eru í svipuðum vandræðum. Á fundinn var boðaður formaður Stúdentaráðs, en nokkuð hefur borið á óánægju hjá stúdentum vegna þessara mála, þó aðallega vegna sektarmiðanna. Tilfni fundarins var að athuga með hvaða hætti mætti leysa þennan vanda. Fram kom að næg bílastæði væru á gamla háskólavellinum sem væri í innan við fimm mínútna göngufæri við Þjóðarbókhöðuna. Talið er að það sé of langt og leysi ekki málið. Tillaga kom fram um að setja gjaldmæla á vissan stæðafjölda, en ekki náðist samstaða um það að sinni. Ákveðið var að skrifa skipulagsstjóra borgarinnar vegna ráðgerðra breytinga á Hagatorgi. Þar er búið að teikna fjölda bílastæða sem nýtast mundu Hótel Sögu og Háskólabíói. Það mundi einnig bæta stöðuna talsvert fyrir allt svæðið.

Símsvörun

Vaktmenn sáu sem fyrr um símsvörun á aðalskiptiborði safnsins. Aðstaða þeirra til að gefa markvissar upplýsingar batnaði mjög við það að á árinu var tekið upp tölvuvætt viðverukerfi. Í nóvember var ákveðið að vaktmenn hæfu símsvörun kl. 8:15 í stað 9:00 áður.

FUNDIR, RÁÐSTEFNUR, NÁMSKEIÐ OG KYNNISFERÐIR

Anna Jensdóttir

- Fyrirlestur dr. Anne Clyde, „An overview of current developments in online information services for the social sciences.“ Odda 13. janúar.
- Kynning á Engineering Village gagnasafninu. Í Landsbókasafni 8. mars.
- Word fyrir byrjendur. Tölvu- og verkfræðipjónustan 22. mars.
- Samskipti á kvennavinnustað. Námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Haldið í Landsbókasafni, 6. og 11. apríl.
- Útlán á tónlistarefni og höfundarréttarmál. Fundur haldinn í Foldasafni að frumkvæði Tón- og mynddeildar Borgarbókasafns og tónlistardeilda annarra almenningabókasafna á höfuðborgarsvæðinu, 28. apríl.
- Námskeið í tónlistarsögu. Fimm morgnar í Borgarbókasafni – Foldasafni 8.–29. maí.
- Ársfundur IASA Nordic Branch, Kaupmannahöfn 25.–26. maí.
- Fyrsti landsfundur Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða, Fosshótel KEA, Akureyri, 1.–2. september.
- Námskeið í notkun á ProQuest, Lion og SiteBuilder. Háskólinn í Reykjavík 4. og 6. október.

Anna María Sverrisdóttir

- Samskipti á kvennavinnustað. Námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Haldið í Landsbókasafni, 15. maí.

Auður Gestsdóttir

- Notendaráðstefna BókÍs, Grand Hótel Reykjavík, 22. febrúar.
- Word fyrir byrjendur. Tölvu- og verkfræðipjónustan 22. mars.
- „Det 5. nordiske juridiske biblioteksmøte.“ Osló, 14.–16. júní. (Flutti erindi.)

- Fyrsti landsfundur Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða, Fosshótel KEA, Akureyri, 1.–2. september.
- „Bibliography of Nordic Criminology.“ Vinnufundur í Kaupmannahöfn 22. september.

Árni Thoroddsen

- VESTNORD / TIDEN. Vinnufundur haldinn í Landsbókasafni 10.–11. apríl.

Áslaug Agnarsdóttir

- Excel fyrir byrjendur, 26.–27. janúar og 16.–17. febrúar.
- Samskipti á kvennavinnustað. Námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Haldið í Landsbókasafni, 6. og 11. apríl.
- „Information for Co-operation: Creating the Global Library of the Future“, 66. ársfundur IFLA, haldinn í Jerúsalem 13.–18. ágúst.
- HTML og Dreamweaver. Námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Haldið í Landsbókasafni, 24., 26. og 30. október.
- Publisher. Tölvu- og verkfræðiþjónustan 6.–9. nóvember.
- Árangursríkir fundir. Námskeið Gísla Blöndal. Í Landsbókasafni 6. desember.

Berglind Gunnarsdóttir

